

**Tónlistarútgáfa**  
 Listamenn ráða  
 nú ferðinni



**Arthur B. Laffer**  
 Skattar af hinu illa

6

**Katrín Pétursdóttir**  
 Fékk sér  
 gúllara af lýsi



14



## Kynþroskaheftur með ljósanotkun

Með ljósanotkun í sjókvím má seinka kynþroska og örva vöxt eldisþorsks. Þetta er meðal niðurstaðna Codlight-Tech verkefnis sem Matis stýrir og kynnti á ráðstefnu fyrir helgi.

Með notkun sérstakra ljósa er eldisþorskurinn plataður til að halda að eilíft sumar ríki og því ekki kominn tími til að undirbúa hrygningu, en kynþroskaferli þorsksins hefst þegar degi tekur að halla á haustin.

„Þegar þorskur verður kynþroska hægir á vexti hans þannig að tímenn sem það tekur fyrir þorskin að ná sláturstærð, yfirleitt 3 til 4 kíló, lengist,“ segir í kynningu Matis á verkefninu. Mjög mikilvægt er því sagt að geta seinkað kynþroskanum því „ótímabær kynþroski“ valdi stöðnun í vexti.

- óká

### FRÉTTIR VIKUNNAR

**Ekkert met** | Ekkert met verður slegið í sögu Íslendinga í ár, eins og stefnt var á. Þetta sagði Jón Karl Ólafsson, forstjóri Ícelandair, þegar uppgjör félagsins fyrir þriðja ársfjórðung var kynnt. Hagnaðurinn nam 2,1 milljarði.

**Nýtt félag** | Skrá á færeyska flugfélagið Atlantic Airways í kauphöllina hinn 10. desember. Áður fer fram sala hlutfjár til fagfjárfesta og almennra fjárfesta. Gengið mun liggja á bilinu 242 til 261 dönsk króna á hlut.

**Hong Kong** | Landsbankinn hefur opnað söluskrifstofu í Hong Kong og hefur í hyggju að opna skrifstofur í Singapúr og Shanghai. Landsbankinn starfar nú í sautján löndum.



**Viðbrögð óákveðin** | Hvorki stjórnendur Kaupþings né Glitnis hafa ákveðið hvernig brugðist verður við kynjalöggjöf sem tekur gildi um áramótin í Noregi. Þá verða fjórutíu prósent stjórnarmanna almenningshlutafélaga að vera konur.

**Lækkun líkleg** | Hægt getur á fasteignaviðskiptum og verðlækkunir eru hugsanlegar ef íbúðakaupendur verða að taka ný og óhagstæðari lán frekar en að taka yfir gömul. Þetta segir Gylfi Magnússon, dósent við HI.

**Frestun heimiluð** | Árni M. Mathiesen hefur heimilað Skiptum, sem keyptu Landsvíma Íslands af ríkinu í ágúst 2005, að fresta skráningu félagsins í Kauphöll Íslands fram yfir áramót.

**Vextirnir bíta** | Íbúðalánasjóður hefur hækkað útlánvexti sína um 0,45 prósentustig. Í Vegvísi Landsbankans segir að nýjustu vaxtahækkanir séu vísbending um að stýrivextir Seðlabankans séu teknir að bíta.

# Neikvæðar horfur

Hættan á harðri lendingu íslenska hagkerfisins hefur aukist samkvæmt Standard & Poor's. Taugatitringis gætti á mörkuðum í gær. Segja alltaf sama hlutinn segir ráðherra.

**Björgvin Guðmundsson**  
 skrifar

„Þetta kemur á vöndum tíma og ég er mjög hissa á að þeir skuli senda frá sér svona tilkynningu á meðan markaðir eru opnir,“ segir Árni M. Mathiesen fjármálaráðherra um tilkynningu matsfyrirtækisins Standard & Poor's um neikvæðar horfur á lánshæfismati ríkissjóðs. Lánshæfiseinkunnin er hins vegar óbreytt.

Tilkynningin barst skömmu eftir hádegi í gær og hafði í fyrstu víðtæk áhrif á íslenska markaðinn. Gengi krónunnar tók dýfu og hlutabréf fjármálafyrirtækja lækkuðu í verði. Lúðvík Eliasson hjá greiningardeild Landsbankans og Ásgeir Jónsson í greiningardeild Kaupþings segja samt ekkert koma á óvart í rökstuðningi Standard & Poor's. Verið sé að gagnrýna mikil útgjöld ríkissjóðs og útlánastefnu Íbúðalánasjóðs. Það hafi verið gert áður.

„Það er alveg sama hver staðan er, þeir segja alltaf sama hlutinn, sama hvort fjárfesting ríkisins er eitt eða tvö prósent af þjóðarframleiðslu. Það er sama hvort stóriðjuframkvæmdir eru í gangi eða að hætta. Ég held að þetta hafi minnst með ríkisfjármálin að gera. Við erum með metafgang af ríkissjóði ár eftir ár,“ segir Árni Mathiesen um greiningu Standard & Poor's.

Augljóst var að ákveðins taugatitringis gætti á

### UMSÖGN S & P

„Neikvæðar horfur endurspeglar vaxandi hættu á harðri lendingu íslenska hagkerfisins. Sá efnahagssamdráttur sem nú er hafinn mun hjálpa til við að vinda ofan af efnahagslegu ójafnvægi en sú þróun mun líklega tejjast vegna áætlana um hraða aukningu á útgjöldum hins opinbera sem og því að stöðugt hefur mistekist að endurskipuleggja Íbúðalánasjóð. Í tengslum við háa og hækkanandi innlenda og alþjóðlega vexti munu þessir þættir auka áhættuna af harðri lendingu íslenska hagkerfisins.“

markaðnum í gær. Í samtölum við Markaðinn kom fram að fólk hefði áhyggjur af lækkun hlutabréfaverðs undanfarið. Margir hafa skulsett sig í erlendra mynt til að fjármagna hlutabréfakaup. Þær skuldir hækka í krónum talið þegar gengið fellur. Samtímis lækka hlutabréfin í verði. Það þýðir að fólk situr uppi með verðminni eign og dýrari skuld. Á ákveðnum tímamarki þarf því að selja hlutabréfin og borga erlendar skuldir. Það hefur aftur áhrif á krónuna og þróun hlutabréfaverðs. Úr verður ákveðin víxlverkun sem er drifin áfram af óvissu. Við svona aðstæður er hætta á að menn fari á taugum.

Markaðurinn rétti úr kútnum þegar leið á gærdaginn. Krónan styrktist aftur og dró úr lækkunum hlutabréfa fjármálafyrirtækja. Hélt það í hendur við hækkanir á erlendum mörkuðum. Margir tala um hve óvissan um þróun hlutabréfaverðs sé óþægileg. Minni áhyggjur eru af gengislækkun krónunnar þar sem vaxtamunurinn muni halda genginu uppi.

„Ég held að þetta standi í samhengi við það sem er að gerast á hlutabréfamörkuðum um allan heim og er í grunninn vegna svokallaðra undirmálsána þar sem einmitt þessar stofnanir brugðust algjörlega,“ segir fjármálaráðherra og á við alþjóðleg matsfyrirtæki sem meta lánshæfi fjármálafyrirtækja.

## Tímabært að stöðva okrið

„Þetta er til þess að koma í veg fyrir okur á fólk. Það þekkja það allir að innheimtukostnaður getur verið óeðlilegur og tímabært að binda enda á það. Fólk er berskjaldað fyrir þessum kostnaði,“ segir Björgvin G. Sigurðsson viðskiptaráðherra.

Frumvarp hans um að setja þak á innheimtukostnað var afgreitt út úr ríkisstjórn í gær. „Hámarksfjárhæðin er enn til skoðunar,“ segir Björgvin.

Hann segir að í frumvarpinu sé meðal annars ákvæði um góða innheimtuhætti og innheimtaviðvörðun. Einnig að dregið verði

úr óeðlilegum kostnaði skuldara vegna innheimtuaeðgerða á frumstigi. Stefnt sé að því að skuldarar eigi almennt þess kost að greiða skuld með lágmarks-kostnaði. Það hefði líklega í för með sér að

### ÓEÐLILEGUR KOSTNAÐUR

Innheimtuþóknun er í sumum tilvikum hærrí en sem nemur höfuðstól skuldar. Hér eru þrjú raunveruleg dæmi um innheimtuþóknun.

	Höfuðstóll	Þóknun
Lögheimtan	6.935	8.800
Legalis innheimtuþjónust	34.855	14.751
Intrum lokaáðvörum	6.935	6.150

lánardrottinn sendi skuldaranum sjálfur viðvörðun eða þyrfti sjálfur að greiða innheimtufyrirtæki innheimtuþóknun umfram lágmarksfjárhæðina.

Bjarni Þór Óskarsson, hestarréttarlögmaður hjá Intrum, segir að yfirleitt hafi kröfuhafar sent skuldara bréf áður en málin komi til sín. Nú séu 1.900 mál einstaklinga í fruminnheimtu hjá Intrum. „Innheimtuþóknunin fyrir fyrsta bréf er á bilinu 850 krónur og upp í 10.000 en hún fer eftir fjárhæð kröfu og eðli hennar. Í lungunum af þessum dæmum er kostnaðurinn innan við 1.300 krónur.“ - ikh

**TrackWell**  
 FORÐASTÝRING

Flotaeftirlit – tækjanotkun og aksturslagsgreining

www.trackwell.com

**Örugg ávöxtun í þeirri mynt sem þér hentar**

Markmið Peningabréfa er að ná hærrí ávöxtun en millibankamarkaður og gjaldeyrisreikningar. Enginn munur er á kaup- og sölugengi.

- ISK 14,3%\*
- GBP 6,4%\*
- USD 5,0%\*
- EUR 4,2%\*
- CAD 6,5%\*
- DKK 5,6%\*

**Landsbankinn**

Peningabréf ISK/EUR/USD/GBP eru fjárfestingarsjóðir í skilningi laga nr. 30/2003, um verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði. Sjóðirnir eru reknir af Landsvaka hf., rekstrarfélagi með starfsleyfi FME. Landsbankinn er vörsluáðili sjóðanna. Athygli fjárfesta er vakin á því að fjárfestingarsjóðir hafa rýmri fjárfestingarheimildir skv. lögnum heldur en verðbréfasjóðir. Um frekari upplýsingar um sjóðina, m.a. hvað varðar muninn á verðbréfasjóðum og fjárfestingarsjóðum og fjárfestingarheimildir sjóðanna, vísast til útböðlsýsingar og útdráttar úr útböðlsýningu sem nálgast má í afgreiðslum Landsbankans auk upplýsinga á heimasíðu bankans, landsbanki.is.

\*Nafnávöxtun á ársgrundvelli frá 1. okt. - 1. nóv. 2007.



## GENGISPRÓUN

	Vika	Frá áramótum
Atorka	-4,2%	52,1%
Bakkavör	-4,8%	-8,2%
Exista	-5,8%	22,7%
FL Group	-2,5%	-15,3%
Glitnir	-2,7%	6,9%
Eimskipafélagið	-5,4%	13,5%
Icelandair	6,0%	-10,1%
Kaupþing	-6,5%	8,9%
Landsbankinn	-5,0%	43,4%
Straumur	-6,1%	-7,8%
Teymi	-2,5%	17,4%
Össur	-4,7%	-13,4%

Miðað við gengi í Kauphöll á mánudag

## Þorskurinn dýrari

Verðmæti þorskafla íslenskra skipa jókst um tæpan fimmtung á fyrstu átta mánuðum ársins og var ríflega 21 milljarður króna, samkvæmt tölum Hagstofunnar. Aflaverðmæti ýsu jókst um rúm 20 prósent og nam 9,4 milljörðum króna.

Aflaverðmæti uppsjávarafra jókst um 28,8 prósent og nam 10,8 milljörðum. Munar þar mestu um verðmæti loðnu sem nam 4,2 milljörðum samanbörð við 2,2 milljarða króna í fyrra. Aflaverðmæti kolmunna dróst raunar saman um hálfan milljarð króna, var þrjú milljarðar á fyrstu átta mánuðum ársins.

Aflaverðmæti íslenskra skipa jókst í heild á sama tíma um fimm og hálfan milljarð króna eða um ríflega tíu prósent, samanbörð við sama tíma í fyrra. Aflaverðmætið nam 57,9 milljörðum króna í ár, samanbörð við 52,4 milljarða á sama tímabili 2006.

Aflaverðmæti sjófrystingar var 16,5 milljarðar og dróst saman um 5,5 prósent frá fyrra ári. Verðmæti afla sem fluttur er út óunninn jókst um þrjú og hálf prósent, eða sem nemur 5,8 milljörðum króna.

Verðmæti afla sem seldur er í beinni sölu útgerða til vinnslu innanlands var 25 milljarðar króna,

sem er auking um 5,3 milljarða eða 26,6 prósent. Verðmæti afla sem keyptur er á markaði til vinnslu innanlands jókst um 15,2 prósent og nam ríflega níu milljörðum króna.

- ikh  
FAGUR FISKUR  
ÚR SJÓ



## Kanna erlenda skráningu

Viðskiptaráðherra ætlar að skipa nefnd til að fara yfir skráningu hlutabréfa í erlendri mynt. Bæði Straumur og Kaupþing vilja skrá hlutafé í evrum.

Jón Sigurðsson, fyrrverandi ráðherra, seðlabankastjóri og bankastjóri Norræna fjárfestingabankans, fer fyrir nefndinni. Einnig verða þar fulltrúar frá Seðlabankanum, Samtökum fjármálafyrirtækja, Verðbréfaskráningu og Fjármálaeftirliti. Nefndin á að skila af sér í síðasta lagi 1. mars á næsta ári.

- ikh

## Mat S&amp;P á Glitni óbreytt

Breyttar horfur til hins verra í lánshæfismati Standard & Poor's á íslenska ríkinu hafa ekki áhrif á mat bankans á lánshæfi Glitnis. Fyrirtækið sendi í kjölfar matsins á ríkinu frá sér áréttingu þar að lútandi.

Einkunn og horfur Glitnis eru óbreyttar sem „A-/Stable/A-2“ en horfur ríkisins fóru úr stöðugum í neikvæðar. Stand-

ard & Poor's segja að í einkunn Glitnis hafi þegar verið reiknuð inn áhrif af íslensku efnahags- umhverfi, en jafnframt er horft til sterkrar stöðu bankans á markaði hér, áhættudreifingu með vaxandi starfsemi í Noregi, Svíþjóð og Finnlandi, auk góðrar afkomu bankans og gæða eigna hans bæði heima og erlendis.

- óká

## Fleiri lán til venslafólks

Lán viðskiptabankanna og stærstu sparisjóða landsins til venslaðra aðila námu 7,2 prósentum af heildarútlánum bankanna um mitt ár, samkvæmt upplýsingum Fjármálaeftirlitsins (FME). Á sama tíma í fyrra nam hlutfallið 6,5 prósentum.

FME bendir á í úttekt sinni á venslálánum banka og spari-

sjóða að hlutfallið hafi lækkað hjá bönkunum en hækkað hjá sparisjóðunum.

Haft er eftir Jónasi Fr. Jónssyni, forstjóra FME, í tilkynningu að kallað sé reglulega eftir upplýsingum sem þessum til að staðreynda að heilbrigðir viðskiptahættir séu viðhafðir í viðskiptum fyrirtækjanna.

- job

## Kaupþing kaupir á Mön

Kaupþing hefur keypt innlána-bankann Derbyshire Building Society á Eynni Mön. Tilkynnt var um kaupin í gærmorgun, en þeim á að ljúka fyrir árslok.

„Þetta er lítill banki með um 320 milljónir punda í innlánum sem við vorum að kaupa á ágætis-verði,“ segir Guðni Níels Aðalsteinsson, framkvæmdastjóri

fjárfstýringar hjá Kaupþingi. Hann segir kaupin í takt við þá stefnu Kaupþings að auka innlán, en það sé gert bæði með innri vexti og ytri, svo sem með þessum kaupum.

Starfsemi Derbyshire verður sameinuð þeirri starfsemi sem Kaupþing er þegar með á Mön.

- óká

## Straumur eykur sýnileika

Straumur Fjárfestingarbanki getur, frá og með gærdeginum, átt viðskipti í eigin nafni í öllum norrænu kauphöllum OMX. Það eru, auk þeirrar íslensku, kauphallirnar í Kaupmannahöfn, í Stokkhólmi og Helsinki.

Hingað til hefur bankinn einungis haft slíka aðild að íslensku kauphöllinni. „Þessi breyting ætti að

gera okkur enn sýnilegra á þessu markaðssvæði og hjálpa okkur að ná því markmiði að verða leiðandi fjárfestingabanki í Mið- og Norður-Evrópu,“ segir Erla Tryggvadóttir, verkefnastjóri á samskiptasviði Straums. „Það mun Straumur er fjórða íslenska félagið til að fá fulla aðild að norrænu OMX-kauphöllum.“

- hhs

## Bankarnir halda enn að sér höndum

Skuldatryggingarálag (CDS) á útgáfu íslensku bankanna er í hæstu hæðum. Álagið er til marks um áhættu sem tengd er rekstrinum. Kaupþing áréttar að bankinn eigi fyrir NIBC.

Óli Kristján Ármannsson  
skrifar

Fjármögnunarkostnaður bankanna við skuldabréfaútgáfu á erlendum mörkuðum hefur margfaldast á árinu. Aukningin núna seinni hluta ársins er sýnu mest hjá Kaupþingi, en þar eru taldar spila inn í vangaveltur um fjármögnun bankans á kaupnum á NIBC í Hollandi. Skuldatryggingarálagið er mun hærra nú en þegar verst lét í erlendri umræðu um íslenskt fjármálalíf í fyrravor og halda þeir því enn um sinn að sér höndum á þessum mörkuðum.


Guðni Aðalsteinsson, framkvæmdastjóri fjárfstýringar Kaupþings, segir að þar á bæ hafi menn ekki miklar áhyggjur af stöðunni enda sé lausafjárstaða bankans sterk. „En vitanlega er ekki gott að hafa CDS-álagið í þessum hæðum. Það væri dýrt að fjármagna á þessum kjörum ef við myndum velja að gera það.“ Guðni telur um leið að með aukinni upplýsingagjöf muni álag á bankann lækka. „Við þurfum að vera gegnsærri um yfirtöku okkar á NIBC og á þeirri staðreynd að auðvitað eigum við fjármagn til

að greiða fyrir hana,“ segir hann og telur að við þær erfiðu aðstæður sem ríki á markaði séu yfirtökur sjálfkrafa taldar merki um aukna áhættu. Fjármagn til yfirtökunnar á NIBC segir Guðni koma úr lausafé sem bankinn eigi á bók hverju sinni. „Þá hafa kannski líka haft áhrif vangaveltur um hvort NIBC sé örugglega hreinn af þeim vanda sem hrjáði bankann fyrr á árinu, en ég held að þriðja ársfjórðungsuppgjörið hans hafi sýnt að svo sé.“ Aukið CDS-álag núna síðustu daga segir Guðni hins vegar í takt við það sem almennt gerist á markaði og snúi ekki sérstaklega að Kaupþingi. Hann segir að þegar fram komi fleiri teikn um aukin innlán hjá Kbbankanum, svo sem með kaupum á Derbyshire á Eynni Mön, muni draga úr áhyggjum af fjármögnun bankans. „Og þá kemur CDS-álagið niður.“

Ingvar H. Ragnarsson, framkvæmdastjóri fjárfstýringar Glitnis, segir líka að mikil hækking frá mánaðamótum einskörðist ekki við íslensku bankana heldur einkenni fjármálamarkaðinn allan. „Í raun hefur allur CDS-markaðurinn verið að hækka allt frá því að Citibank, Merrill Lynch og fleiri komu fram með tilkynningar um mögulegar frekari afskriftir vegna undirmálslána og skuldavafninga,“ segir hann og bætir við að meðan markaðurinn sé jafnstöðugur og nú sé ekki annað að gera en að halda að sér höndum.

Skuldatryggingarálag á fimm ára skuldabréf bankanna (CDS) hefur nú aukist um tæp 70 prósent frá mánaðamótum. Frá því í júníbyrjun, þegar álagið var hvað lægst hefur álagið meira ein áttfaldast. Mest hefur álagið hækkað skuldabréf Kaupþings frá því í sumar. Fyrsta júní var það 27 punktar ofan á millibankavexti, en var á mánudaginn 280,8 punktar. Landsbankinn hefur á sama tíma farið úr 18 punktum í 117,5 og Glitnir úr 23 punktum í 176. Til samanburðar má nefna að álag á stærsta banka Bandaríkjanna, Citigroup, var samkvæmt frétt Bloomberg 95 punktar og Bear Stearns, sem hvað harðast hefur orðið úti í tengslum við undirmálslán, 175 punktar.

## SKULDATRYGGINGARÁLAG Á BRÉF BANKANNA.



## FKA

Viðurkenningin 2008 verður veitt í níunda sinn  
fimmtudaginn 17. janúar 2008.

Stjórn FKA óskar eftir tilnefningum í eftirfarandi viðurkenningar

## FKA viðurkenningin

Markmið með FKA viðurkenningunni er að heiðra einstakling, fyrirtæki, stofnun, félagsamtök eða stjórnvald, sem að mati stjórnar félagsins væri best að slíki viðurkenningu komið fyrir vel unnin störf í þágu atvinnureksturs kvenna og/eða hafi verið konum sérstök hvatning eða fyrirmynd.

## GÆFUSPOR FKA

Markmið með viðurkenningunni Gæfuspor er að heiðra fyrirtæki á lista yfir 100 stærstu fyrirtæki landsins sem skarar fram úr við að virkja kraft kvenna innan sinna raða. Verður litið til ýmissa þátta, svo sem fjölda kvenna í stjórn, framkvæmdastjórn eða annarra þátta sem fyrirtæki geta haft áhrif á með því að virkja mannauð sinn.

Gæfuspor  
viðurkenningin

Tilnefningar sendist  
á tilnefningar@fka.is  
fyrir 3. desember nk.



FKA  
Félag kvenna í atvinnurekstri



# Kemur ekki á óvart!

SPRON Verðbréf eru augljóslega besti kosturinn.

Peningamarkaðssjóður SPRON hefur gefið langhæstu ávöxtun allra peningamarkaðssjóða á Íslandi allt frá stofnun. Síðastliðna 12 mánuði er ávöxtun sjóðsins **15,4%\***

**Peningamarkaðssjóður SPRON** hefur það markmið að ná góðri ávöxtun og áhættudreifingu. Hann hentar því vel fyrir þá sem vilja ekki taka mikla áhættu en njóta samt stöðugrar ávöxtunar. Enginn kostnaður fylgir því að fjárfesta í sjóðnum og inneignin er algjörlega óbundin.

Kynntu þér málið nánar á [spronverdbref.is](http://spronverdbref.is)

SPRON Verðbréf  
Peningamarkaðssjóður SPRON  
**15,4% ávöxtun\***



Glitnir  
Sjóður 9  
15,1% ávöxtun\*

Kaupþing  
Peningamarkaðssjóður  
15,0% ávöxtun\*

Landsbankinn  
Peningabréf Landsbankans  
14,1% ávöxtun\*



## Eltið öldunginn

Þeir sem eltu bandaríska auðjöfurinn Warren Buffett og keyptu hlutabréf í sömu fyrirtækjum og hann á árabílinu 2002 til síðasta árs hafa fengið 24,6 prósentu ávöxtun á ári. Litlu skiptir hvort fjárfestarnir keyptu hlutina skömmu eftir að Buffett tilkynnti um kaup sín eða fjórum mánuðum síðar.

Þetta kemur fram í niðurstöðum nýlegrar en óbirtrar könnunar tveggja fræðimanna við háskóla í Washington og Nevada í Bandaríkjunum. Þar kemur sömuleiðis fram að S&P-vísitalan, sem inniheldur fimm

hundrað stærstu fyrirtæki Bandaríkjanna, skilaði 12,8 prósentu ávöxtun á ári á sama tíma.

Líkt og margoft hefur komið fram grannskoðar Buffett bækur fyrirtækja áður en hann ákveður að stíga skrefið til fulls og kaupa í þeim. Að því loknu situr hann á bréfunum í langan tíma, stundum í áratugi. Sem dæmi um þetta er hlutur Buffetts í bandaríska útgáfufélaginu Washington Post, sem hann keypti fyrir ellefu milljónir dala árið 1973 en verðmæti hans nam 1,3 milljörðum dala í byrjun árs. - jab

## Ríkisvæðing gæti beðið Northern Rock

Breska ríkið hefur lánað breska bankanum Northern Rock rúma tuttugu milljarða sterlingspunda, jafnvirði 2.467 milljarða íslenskra króna, á síðastliðnum tveimur mánuðum í því skyni að gera bankanum kleift að standa við skuldbindingar sínar. Breska blaðið Herald Tribune segir litlar líkur á því að meira fé verði ausið í bankann og getur svo farið að ríkið taki hann til sín.

Bankinn hefur átt í gríðarlegum örðugleikum síðan stjórnendur hans greindu frá því í september að þeir hefðu tryggt sér neyðarlán frá Englandsbanka.

Nokkur tilboð hafa borist í bankann, ýmist hluta eða hann allan. Þau þykja afar lág og endurspeglar ekki raunvirði hans, sem hefur sigið hratt.



**SPARIFJÁREIGENDUR Í RÖÐUM** Framtíð breska bankans Northern Rock er óljós en tilboð í hann þykja lág. MARKAÐURINN/AFP

Til greina hefur komið að ríkisvæða Northern Rock og tryggja með því atvinnu fólks, ekki síst í fátækari héruðum Bretlands. Verkamannaflokkurinn hefur sótt mikið af fylgi sínu til fátækari byggða og þykir ríkisvæðingin gagnast flokknum fremur en hluthöfum bankans, að sögn Herald Tribune. - jab

# Áhrifin hverfa seint

Hagfræðingar spá því að fjármálakreppan muni leiða til mjög lítils hagvaxtar í Bandaríkjunum fram á næsta ár.

Jón Aðalsteinn Bergsveinsson  
skrifar

Óttast er að þrengingar á fasteignalánmarkaði í Bandaríkjunum og fjármálakreppan sem gengið hefur yfir muni hafa áhrif á efnahagslíf vestra langt fram á næsta ár. Menn óttast sömuleiðis að bankar þurfi að afskrifa hærri upphæðir úr bókum sínum á næstu misserum af þessum sökum.

Samtök bandarískra hagfræðinga reikna með því í nýrri spá sem birt var í vikubyrjun að hagvöxtur vestanhafs muni nema 1,5 prósentum á síðasta fjórðungi þessa árs samanborið við 3,9 prósentu hagvöxt á þriðja ársfjórðungi og einungis 2,1 prósent á árinu öllu. Gangi það eftir hefur hagvöxtur ekki verið með minna móti síðan árið 2002, þegar hann mældist 1,6 prósent. Hafa ber í huga að efnahagslíf í Bandaríkjunum var um það leyti að jafna sig eftir samdráttarskeið eftir að netbólán sprakk í kringum aldamótin.

Rót fjármálakreppunnar liggur í mikilli vanskilaukningu á svokölluðum undirmáslánum sem einstaklingar í lægri tekjuflokkum í Bandaríkjunum með litla greiðslugetu hafa fram til þessa fengið en þeir hafa alla jafna ekki verið gjaldgengir lán-takendur fyrir hefðbundin íbúðalán.

Bent hefur verið á að lán sem þessi þyki afar áhættusöm enda bera þau iðulega hærri vexti en sambærileg lán. Þau fylgja stýrivaxtastigi og hefur

### TÖLURNAR Á BAK VIÐUNDIRMÁLSLÁNIN\*

Fjöldi heimila með undirmáslán	7,2 millj.
Hlutfall vanskila	14,4 %
Aukning undirmáslána frá 2003	292 %
Hlutfall lána sem veitt eru án fullnægjandi gagna um tekjur	43-50%
Hlutfall lána án veðs	75%
Hlutfall lána til fólks af afrísku bergi brotið	52,4%
Hlutfall lána til fólks frá spænskumælandi löndum	40,7%
Hlutfall lána til annarra hópa	22,2%

\* Á síðasta ári

Heimild: Center for Responsible Lending



**FASTEIGNALÁNUNUM MÓTMÆLT** Hagfræðingar í Bandaríkjunum telja líkur á að mikil vanskil á undirmáslánum og þrengingar á fasteignamarkaði vestanhafs muni skila sér í afar hæggum hagvexti allt fram á næsta ár. MARKAÐURINN/AFP

greiðsluþyrði farið hækkandi samfara hækkandi stýrivaxtastigi í Bandaríkjunum síðastliðin ár. Stýrivaxtalækkun bandaríska seðlabankans í tvígang síðan í september hefur ekki síst beinst að því að gera þessum hópi fólks auðveldara um vik að greiða af lánum sínum. Vanskil á undirmáslánum hafa aukist mikið upp á síðkastið. Margir, svo sem Henry Paulson fjármálaráðherra, hafa skellt skuldinni á fjármálafyrirtækin og benda á að þau hafi verið afar viljug til að veita einstaklingum lán sem þessi án mikilvægra trygginga, svo sem með fasteignaveði, auk þess sem upplýsingar um tekjur fólks hafi í mörgum tilfellum ekki legið fyrir. Vísendingar voru um hvert stefndi þegar undir lok síðasta árs en þá var útlit fyrir að allt að 2,2 milljónir manna myndu lenda í vandræðum með afborganir af lánum sínum í Bandaríkjunum.

Bandarísk fasteignalánafyrirtæki, sem mörg hver glíma við fjármagnsþurrð vegna vanskilaukningarinnar eða hafa orðið gjaldþrota, hafa hert mjög útlánareglur sínar auk þess sem frá því var greint í síðustu viku að bandaríska þingið hafi samþykkt að auka eftirlit með fyrirtækjum sem þessum með það fyrir augum að koma í veg fyrir að vandamálið endurtaki sig.



USD



EUR



DKK



GBP

## HÁVAXTAGJALDEYRISREIKNINGUR

ÁN ÞÓKNUNAR

BUNDINN TIL ÞRÍGGJA MÁNAÐA

HAGSTÆÐIR VEXTIR

### Nýttu þér stöðu markaðarins!

Nú er rétti tíminn fyrir þá sem eiga í erlendum viðskiptum og aðra sem vilja hagstæða vexti á gjaldeyri sem lagður er til hlíðar. Hávaxtagjaldeyrisreikningar Byrs eru án þóknunar, aðeins bundnir til þrjú mánaða og lágmarksinnstæða er ein milljón króna. Í boði eru USD, EUR, DKK og GBP.

Kynntu þér málið, – við finnum rétta reikninginn og þú nýtur ávinningsins!



BYR - sparisjóður | Sími 575 4000 | www.byr.is

# „Það átti að vera hljóð á þessu...”

[www.exton.is](http://www.exton.is)

Við erum sérfræðingarnir í hljóð- og myndlausnum.  
Láttu okkur sjá um fundarherbergið.

**EXTON**  
LJÓS / HLJÓÐ / MYND





# Tónlistarútgáfa með nýju lagi

Hefðbundin tónlistarútgáfa á undir högg að sækja miðað við þróun í tónlistargeiranum. Sjálfstæð útgáfa listamanna færirst í aukana og tilkoma internetsins og stafrænnar dreifingar tónlistar hefur raskað valdahlutföllum listamanna og útgáfufyrirtækja. Svo virðist sem listamennirnir ráði nú fremur ferðinni en útgáfufyrirtækin. Óli Kristján Ármannsson kynnti sér breytingarnar og ræddi við Jóhann Ágúst Jóhannsson, fyrrverandi útgáfustjóra 12 Tóna, og Einar Örn Benediktsson tónlistarmann og útgáfufrómuð um væntingar þeirra og sýn á tónlistarútgáfu framtíðar.

Nýlega ákvað breska rokk-sveitin Radiohead að gera nýjustu plötu sína aðgengilega til niðurhals á internetinu. Og það sem meira er, hverjum og einum er í sjálfsvald sett hvað hann vill borga fyrir gripinn. Flestir, eða um 60 prósent, kjósa að borga ekki neitt meðan hinir borga mismarga hundraðkalla. Prince gaf nýjustu plötuna sína með sunnudagsútgáfu dagblaðsins The Mail (raunar keypti blaðið upplag plötunnar) og Einstürzende Neubauten gaf rétt fyrir mánaðamótin út plötu sem fjármögnuð er með áskriftarsölu á netinu. Þetta er í þriðja sinn sem sveitin þýska fer þessa leið, fyrsta tilraun var gerð árið 2002. Allt eru þetta tiltölulega ný dæmi um þróun sem átt hefur sér stað á síðustu árum. Þekktar hljómsveitir hafa í auknum mæli fært sig yfir á netið. Meðal frumkvöðla í þessu var David Bowie sem gaf árið 1997 út lagið Telling Lies á netinu og hvergi annars staðar. Ári síðar stofnaði hann sína eigin internetþjónustu, Bowienet.

Nýjabrumið er heldur ekki bara í útlöndum. Hér heima er nýlega komin út platan Mugiboogie sem tónlistarmaðurinn Mugison framleiðir og gefur út sjálfur. Fyrsta kastíð var platan bara í sölu á netinu, þar sem jafnframt því að fá hana senda heim í pósti hefur mátt hlaða niður tónlistinni stafrænt. Hlutur tónlistarmannsins af söluhagnaði er meiri og hefðbundin útgáfufyrirtæki að mestu út undan. Fyrirkomulag þetta gafst svo vel að Mugison býður nú upp á allar fyrri plötur sínar með þessum hætti, póstsendar um leið og hlaða má þeim niður. Mugison lætur ekki staðar numið við plötunnar heldur er líka hægt að kaupa (á mugison.grapewire.net) útgáfutónleika nýju plötunnar sem niðurhal. Tónleikarnir voru raunar þegar komnir í sölu daginn eftir að þeir voru haldnir fyrr í þessum mánuði.

**DÆMIÐ SNÝST VIÐ**  
„Grapewire skapar ákveðinn farveg fyrir bæði tónlistarmenn og útgáfufyrirtæki til að koma sínu efni á framfæri,“ segir Einar Örn Benediktsson, tónlistarmaður og útgáfufrómuður, sem heldur úti Grapewire-vefnum. Hann er enginn nýgræðingur í tónlistarútgáfu hér, var einn af stofnendum Grammsins og svo síðar Smekkleysu, en sú útgáfa segir hann að hafi raunar verið á netinu allar götur síðan 1995 og notað netið til að selja vörur. Einar segir að útgáfa á borð við þá að setja Mugison-tónleikana beint í sölu á netinu sé nokkuð sem lengi hafi kitlað. „En þetta hefur

svó sem verið gert áður þó þetta sé nýtt á Íslandi.“  
Einar segir ljóst að tónlistarmenn hafi nú aukið val um hvernig þeir hagi sölu og markaðssetningu á sínu efni. „Þetta fer eftir áherslum manna,“ segir hann og nefnir að margir kjósi þá leið að gera hljómplötusamning við útgáfufyrirtæki. „En svo eru dæmi um hljómsveitir sem eru með öll réttindamál á eigin hendi og geta því í raun boðið hljómplötufyrirtækjum að gefa út plötuna sína fyrir segjum hundraðkall af hverju seldu eintaki. Frekar en að hljómplötufyrirtæki bjóðist til að borga fyrir upptökurnar og greiði hljómsveitunum hundraðkallinn. Dæmið hefur snúist við. Ég veit um erlend dæmi þess að hljómsveitir segi þetta við útgáfufyrirtæki.“ Einar segir að þannig sjái nú fyrir endann á þeim tíma þegar útgáfufyrirtæki hagi sér eins og banki sem láni hljómsveitum og fái endurgreitt eftir sölu platna. „Madonna fer til dæmis með allt sitt til tónleikafyrirtækis. Svo eru dæmi eins og Robbie Williams sem selur allt sitt til hljómplötufyrirtækis.“ Einar Örn segir skilin sömuleiðis að skerpast milli tónleikaferða og plötuútgáfu. „Þess vegna skoða hljómsveitir það líka að nota útgáfu sem jaðarhlut við önnur viðskipti sem eiga sér stað í kringum hljómsveitina, svo sem bolasölu og meira til. Prince hefur gert þetta í mörg

ár. Hann beið til dæmis með útgáfu þar til hann var kominn með 10.000 áskrifendur og var þar með kominn með fyrir kostnaði.“  
Þá gilda ólík lögmál um tónlistarmenn eftir því hvar þeir eru staddir á ferlinum, bendir Einar á. „Maður gæti spurt sig af hverju karlar á borð við Rolling Stones eru ennþá að gefa út plötur. Af hverju eru þeir ekki sestir í helgan stein? Málið er bara að þegar þeir gefa út nýja plötu seljast líka tvær til þrjár gamlar. Fyrir hverja plötu fá þeir fjögurra platna sölu, þannig að þótt þeir selji minna eru þeir samt að selja meira. Þeir selja úr eldri útgáfulistu upp á 30 til 40 plötur. Sama gildir um Bowie,“ segir hann og telur að útgáfufyrirtæki ættu síst að óttast internetið þegar kemur að tónlist. „Ég sá nýlega kanadíska rannsókn sem sýnir fram á að „peer-to-peer“ auki plötusölu fremur en að draga úr henni.“

**EINSTÜRZENDE NEUBAUTEN** Jochen Arbeit, Blixa Bargeld, Rudolf Moser, N.U. Unruh og Alexander Hacke. Sveitin á í nánú samstarfi við aðdáendur sína um listsköpunina á áskriftarvefnum neubauten.org. Áskrifendur fá svo sérstakar viðhafnarútgáfur hljómplatna og aukaefni í lok upptökuférlis hverrar plötu.  
MYND/NEUBAUTEN.ORG



**EINAR ÖRN BENEDIKTSSON**  
Tónlistarmaðurinn Einar Örn Benediktsson heldur úti vefnum Grapewire og býður einstaklingum sem og fyrirtækjum aðgang að sölukerfi fyrir vörur jafnt sem stafrænt efni.  
MARKAÐURINN/E.ÓL.



**JÓHANN ÁGÚST JÓHANNSON**  
Jóhann er fyrrverandi útgáfustjóri 12 tóna en stundar nú nám í markaðsfræðum við Viðskiptaháskólann á Bifröst.  
MARKAÐURINN/VALLI

Jóhann telur hins vegar að útgáfufyrirtæki muni áfram hafa hlutverki að gegna við að fjármagna útgáfustarsemi hljómsveita, en þær hafa eignast útgáfurétt með því að leggja út fyrir kostnaði við upptökur og fleira slíkt. „Útgáfa er útgáfa þótt tónlistinni sé dreift á netinu og meira í dæminu en bara að prenta plötu og disk.“ Hann telur útgáfufyrirtækin því alls ekki úr leik þótt þau verði að þróa sín viðskiptamódel í átt að nýju umhverfi, svo sem með útgáfu í gegnum tónlistarsíður á borð við iTunes og eMusic. „En þetta býður náttúrulega úrræðagóðum tónlistarmönnum fleiri valkosti, svo sem um hvort þeir vilji yfirhöfuð starfa með útgáfum. En valdahlutföllin hafa mikið jafnast út. Vald útgáfunnar hefur minnkað og hún í mun meiri mæli komið til mikið við tónlistarmenn og óskir þeirra. Og það er náttúrulega bara jákvætt, enda á þetta bara að helgast af samningum. Annars held ég að þetta sé mikið í þróun og ekki ljóst hvernig jafnvægi kemst á.“

**ÚTGÁFAN EKKI ALVEG ÚR LEIK**  
Að sama skapi telur Jóhann Ágúst Jóhannsson, fyrrverandi útgáfustjóri 12 Tóna sem nú leggur nú stund á meistaranám í menningarstjórnun við Viðskiptaháskólann á Bifröst, netið fremur fela í sér tækifæri en ógnanir í útgáfu tónlistar. „Mér sýnist allt stefna í þá átt að útgáfan færast í auknum mæli á internetið,“ segir hann, þótt vitaskuld eigi eftir að koma út tónlist enn um sinn á bæði geisladiskum og vinyllplötum. „En netið á eftir að sölsa undir sig þennan geira í dreifingu tónlistar. Spurningin er bara hvenær geisladiskurinn hættir að vera aðalformið í miðlun tónlistar. Maður vill svo sem ekki vera of svartsýnn fyrir hönd þeirra sem selja geisladiska og gefur þessu því kannski svona fimm ár.“  
Jóhann telur hins vegar að útgáfufyrirtæki muni áfram hafa hlutverki að gegna við að fjármagna útgáfustarsemi hljómsveita, en þær hafa eignast útgáfurétt með því að leggja út fyrir kostnaði við upptökur og fleira slíkt. „Útgáfa er útgáfa þótt tónlistinni sé dreift á netinu og meira í dæminu en bara að prenta plötu og disk.“ Hann telur útgáfufyrirtækin því alls ekki úr leik þótt þau verði að þróa sín viðskiptamódel í átt að nýju umhverfi, svo sem með útgáfu í gegnum tónlistarsíður á borð við iTunes og eMusic. „En þetta býður náttúrulega úrræðagóðum tónlistarmönnum fleiri valkosti, svo sem um hvort þeir vilji yfirhöfuð starfa með útgáfum. En valdahlutföllin hafa mikið jafnast út. Vald útgáfunnar hefur minnkað og hún í mun meiri mæli komið til mikið við tónlistarmenn og óskir þeirra. Og það er náttúrulega bara jákvætt, enda á þetta bara að helgast af samningum. Annars held ég að þetta sé mikið í þróun og ekki ljóst hvernig jafnvægi kemst á.“

## Samstarf á netinu gerir útgáfuna mögulega

Einstürzende Neubauten tók á tvö hundruð dögum upp nýja plötu í eigin hljóðveri. Útgáfan er fjármögnuð með sölu áskrita að vefsvæði hljómsveitarinnar www.neubauten.org. Þar komast áskrifendur í margvíslegt efni og upptökur sem ekki fara í almenna dreifingu. Nýja platan, sem heitir Alles wieder offen, kom út rétt fyrir mánaðamótin síðustu.



**ALLES WIEDER OFFEN**  
Nýjasta plata þýsku framúrsteftusveitarinnar Einstürzende Neubauten. Sveitin hélt hér hljótleika árið 1986 í Roxzy við Skúlagötu í Reykjavík. SH Draumur hitaði upp.

Blixa Bargeld, forkólfur sveitarinnar, gengur svo langt að segja frekari tónlistarútgáfu hljómsveitarinnar háða því að haldið verði uppteknum hætti með samstarfi við aðdáendur. Síðast gaf sveitin út plötu með hefðbundnum hætti árið 2004, en í millitíðinni hafa ótal hlíðarverkefni litið dagsins ljós. „Þrátt fyrir að vera gefandi í sjálfu sér og styðja við sköpunarferli Alles wieder offen eru þessu verkefni fyrst og fremst hlíðararfarir byltigarkenndrar hugmynda, sem er vefstónleikar okkar á www.neubauten.org. Alles wieder offen er gefin út án nokkurrar aðkomu plötufyrirtækis. Upptökurnar voru fjármagnaðar með sölu áskrita að www.neubauten.org en áskrifendur fá í staðinn sérstaka styrktarútgáfu (Supporter Edition) af hljómplötunni, ýmist með eða án DVD-disks eftir því hvaða áskriftarleið hefur verið valin. Án áskriftarstuðningsins væri Alles wieder offen ekki til,“ segir Blixa á neubauten-vefnum.

## Plötufyrirtækin sofandi á verðinum

Í viðtali við Mugison (sem raunar heitir Örn Elias Guðmundsson) sem birtist í Fréttablaðinu í byrjun þessa mánaðar undir yfirskriftinni „Alltaf tilbúinn í prumpukeppni“ fer tónlistarmaðurinn meðal annars yfir eigin sýn á tónlistariðnaðinn: „Ég held að plötufyrirtæki eins og við þekkjum þau séu dauð. Plötufyrirtæki eru samt nauðsynleg en það eru einfaldlega svo margir, sérstaklega hérna á Íslandi, sem eru að semja, taka upp, gera „art-workið“ og vinna einfaldlega allt sjálfir. Tími plötufyrirtækja er líka liðinn því þau hafa sofnað algjörlega á verðinum. Þau eru ekkert að fylgjast almennilega með núinu lengur. Þetta eru bara gamlir karlar sem sitja við skrifborðin sín og hlusta á Rolling Stones út í eitt. Þeir síðan

leppja upp úr blöðunum og eftir „hittum“ á MySpace. Það er meira verið að fara eftir tölum en innsæi. Með því að gefa út sjálfur dettur peningurinn meira inn á borð hjá manni. Allavega er reyndla mín og vina minna sú að peningurinn á það til að hverfa í einhverja kostnaðarliði sem maður skilur ekkert í en getur ekkert sagt því búið er að kvitta á einhvern samning sem leyfir að fela svona í excel-skjölum.“

- Fréttablaðið, 4. nóvember 2007.

**MUGIBOOGIE**  
Nýjasta afurð Mugisonar.

**EINSTÜRZENDE NEUBAUTEN** Jochen Arbeit, Blixa Bargeld, Rudolf Moser, N.U. Unruh og Alexander Hacke. Sveitin á í nánú samstarfi við aðdáendur sína um listsköpunina á áskriftarvefnum neubauten.org. Áskrifendur fá svo sérstakar viðhafnarútgáfur hljómplatna og aukaefni í lok upptökuférlis hverrar plötu.  
MYND/NEUBAUTEN.ORG

Nú einnig með dönskum, sænskum og finnskum markaðsgögnum



MARKAÐSVAKTIN

mentis HUGBÚNADUR

ÓKEYPIS REYNSLUTÍMI  
í 14 daga á www.mentis.is

Microsoft  
CERTIFIED  
Partner



# AÐVENTUTÓNLEIKAR 2007

SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT NORÐURLANDS

ÁSAMT GARÐARI THÓR CORTES OG SÖNGFÉLAGINU SÁLUBÓT

Í ÍFRÓTTAHÖLLINI Á AKUREYRI LAUGARDAGINN 8. DESEMBER KL. 18:00



*Gardar Thór Cortes*



*Söngfélagið Sálubót*



*Sinfóníuhljómsveit Norðurlands*



*Guðmundur Óli Gunnarsson*

KYNNIR:  
DAGMAR ÝR STEFÁNSDÓTTIR

STJÓRNANDI:  
GUÐMUNDUR ÓLI GUNNARSSON

MÍÐASALA Í PENNANUM EYMUNDSSON,  
HAFNARSTRÆTI S. 540 2183

MÍÐAVERÐ KR. 5.000.-

Saga Capital

EIMSKIP

BAUGUR GROUP

FLUGFÉLAG ÍSLANDS  
Air Iceland

Hótel  
AKUREYRI

SINFÓNÍU  
HLJÓMSVEIT  
NORÐURLANDS



# Skattar af hinu illa

Lágir skattar örva efnahagslífið, segir Arthur B. Laffer, hagfræðingur og fyrrverandi efnahagsráðgjafi Ronalds Reagan. Kenning hans er sú að lækun skatta geti hækkað skatttekjur ríkisins. Hann telur að kenningar sínar hafi komið Íslendingum mjög til góða en hann óttast að landar sínir gangi úr skaftinu. *Ingimar Karl Helgason* hlýddi á fyrirlestur Laffers og ræddi við hann um skattamál.

**É**g flutti frá gósenlandinu Kaliforníu til Tennessee. Hvers vegna gerði ég það? Vegna þess að þar eru miklu lægri skattar," segir bandaríski hagfræðingurinn Arthur B. Laffer.

Hann hefur áratugum saman talað fyrir lækun skatta og lagt sig fram um að hrinda hugmyndum sínum í framkvæmd. Laffer kom hingað til lands fyrir helgi og flutti erindi á hádegisfundum félagsvísindadeildar Háskóla Íslands og Samtaka atvinnulífsins.

Arthur B. Laffer er tæplega sjötugur. Hann lauk doktorsprófi frá Stanford-háskóla árið 1971. Laffer er hvað þekktastur fyrir efnahagsráðgjöf til Reagan-stjórnarinnar. Ráðgjöfin byggðist á því að lægri skattar örvuðu efnahagslífið. Hugmyndina setur hann fram með svonefndri Laffer-kúrfu.

**ENGINN VILL BORGJA 110 PRÓSENT**  
Kúrfan sýnir að tvær afleiðingar eru af sköttum. Önnur er sú að séu skattar hækkaðir aukist tekjurnar. Síðan eru það hin efnahagslegu áhrif. Séu skattar hækkaðir dregur það úr

vilja fólks til þess að vinna fyrir sköttunum og þar með dragast tekjurnar saman," segir Laffer. Þetta sé bara einföld hagfræði. „Þú þarft þú að borga 110 prósent skatt, í raun að borga með þér, hvað heldurðu að þú entist lengi í blaðamenskunni?“ segir Laffer og brosir við blaðamanni. Þetta dæmi sýni að séu skattar of háir skorti fólk allan hvata til þess að vinna.

Laffer segir að kúrfan sé í raun og veru aðeins tæki til kennslu. „Að sjálfsögðu má nota hana og hún getur sýnt stjórnmalámönnum [sem vilja hækka skatta til að auka tekjur] fram á afleiðingar gjörða sinna.“

## SKATTAR AF HINU ILLA

„Skattar draga alltaf úr vilja fólks til þess að vinna fyrir sköttunum," segir Laffer. „Fólk fær minna í sinn hlut. Það vill maður ekki. Maður vill að það fái sem mest. Þess vegna eru skattar af hinu illa, þótt þeir séu nauðsynlegir til þess að reka ríkið. Maður þarf hins vegar að fara mjög varlega og ganga ekki of langt. Það er allt og sumt sem ég er að segja.“

Laffer kannast hvorki við einn einasta stjórnmalaflokk né nokkra stjórnmalaskoðun þar sem sem því er haldið fram að skattar séu í eðli sínu góðir. „Heldur eru skattarnir

aðeins nauðsynlegir til þess að hjálpa þeim fátæku, minnihlutahópum, leggja vegi eða hvað sem ríkisstjórnir þurfa að gera.“

Hlutverk ríkisins er að hans mati einungis að búa til góða umgjörð um efnahagslífið. Skatta nefnir hann fyrsta af því sem máli skiptir fyrir góðan efnahag; lága flata skatta. Einnig að rekin sé góð peningamálastefna, viðskipti séu frjáls og svo eigi ríkið að sjá um regluverk og annað sem tengist efnahagnum sem ekki sé fólgið í hinu þrennu.

## ÁRANGURINN SENNILEGA BESTUR Á ÍSLANDI

„Tökum Ísland sem dæmi. Hér var kúrfan notuð til að sýna lækun á fyrirtækjaskatti með góðum árangri. Stjórnmalamennirnir fundu út tekjurnar sem hlutfall af landsframleiðslu. Það er raunar ekki rétt að mínu mati. Það þarf að taka tillit til þess að landsframleiðslan hefur líka aukist.“

„Ef skatttekjur eru reiknaðar sem hlutfall af landsframleiðslu, þá þarf að gera ráð fyrir tekjum af öllum hinum sköttunum, sem líka aukast," segir Laffer. Fólk hafi fengið vinnu sem það gerði ekki ráð fyrir, fengið laun sem urðu hærri en ella. „Þetta þarf allt að taka með í reikninginn," segir Laffer.

Laffer segir aðspurður um hvar stuðst sé við kenningar hans, að þær séu notaðar alla daga um allan heim. „Besta dæmið um að þær virka er sennilega hér á Íslandi. En útkoman í Bandaríkjunum var stórkostleg," segir Laffer. „Þar voru hæstu skattar 70 prósent þegar við komum til skjalanna og þeir voru lækkaðir niður fyrir 30 prósent," segir Laffer um ráðgjöf sína til Reagans.

Hann segist vilja snúa þessu við og rifjar upp forsetatíð Johnsons, Nixons, Fords og Carters þar vestra. Þeir hafi lagt bandarískan efnahag í rúst. „Þetta er frábært dæmi um framboðshagfræði og hvernig þeir bjuggu til kreppu.“ Laffer nefnir einnig efnahagsstjórn Margaret Thatcher í Bretlandi. „Svo við gleymum ekki Írlandi. Þar hafði ríkt kreppa í 250 ár. Fólk svalt heilu hungri. Núna blómstrar Írland. Segðu mér svo að þetta virki ekki!“



**LAFFER-KÚRFAN**  
Endar kúrfunnar tákna annars vegar 0% skatt (til vinstri) og 100% skatt (til hægri). Samkvæmt myndinni er punktur á kúrfunni þar sem skatttekjur minnka þótt skattlutfall sé aukið.



**ARTHUR B. LAFFER**  
„Markmiðið er að auka lífsgæðin.“



SKOÐANABRÆÐUR Í SKATTAMÁLUM Arthur B. Laffer

## TEKJURNAR JUKUST MEÐ LÆGRI SKÖTTUM

Laffer segist ekki hafa kynnt sér íslenska efnahagsþróun eins vel og hann hefði kosið. Þrátt fyrir það sjáist vel hvernig hugmyndir sínar hafi haft góð áhrif hérlendis. „Skattar voru lækkaðir, dregið var úr verðbólgu, fyrirtæki voru einkavædd og höft á flæði fjármagns og þjónustu voru afnumin. Þetta er í rauninni ótrúlegt. Hver í ósköpunum myndi mæla gegn því að lækka skattlutfallið og auka tekjurnar um leið?“ spyr Laffer og bætir við annarri spurningu. „Hvers vegna skyldum við hækka skatta og fá minna í kassann? Um leið drægjum við úr atvinnu og svo framvegis," segir Laffer.

## KÚRFAN TEKIN OF ALVARLEGA

„Ég teiknaði upp kúrfuna en menn taka hana af bókstaflega," segir Laffer og brosir. „Það er ekki hægt að finna þann stað á henni þar sem mestar tekjur fást fyrir lægsta skattlutfallið," segir Laffer. „Meginatriðið þegar kemur að sköttum," segir hann, „er hver áhrifin eru á lífsgæði fólks, tekjudreifingu í hagkerfinu.“ Það sé alveg hægt að merkja inn á kúrfuna einhverja staði og reyna að komast að því

## Leiðarljós

„Áhrifin af því að lækka skattana hér eru svo gríðarlega mikil," segir Árni M. Mathiesen fjármálaráðgjafi. Áhrifin af því að lækka tekjuskatt hafi ekki bara verið á skatta fyrirtækjanna heldur líka á skatta einstaklinga. „Því fyrir tækin vaxa hraðar og vaxa meira og greiða meiri laun og þar af leiðandi verða meiri tekjur af tekjuskatti einstaklinga. Tekjur einstaklinga fara í að kaupa alls konar vörur og þá hækkar líka virðisaukaskatturinn og fer eitthvað í sparnað og af því er greiddur fjármagnstekjuskattur. Áhrifin af þessu eru því gríðarleg.“

Árni segir að skatttekjur bankanna og skattar af einkahlutafélögum einstaklinga skekki ekki endilega myndina af aukningu fyrirtækja-



**ÁRNI M. MATHIESEN** Menn hafa íhugað kenningar Laffers.

skattanna. „Einkavæðingin er hluti af þessu. Hún er hluti af skattaumbótunum.“

## Frönsk skattaparadís

Fjármagnstekjuskattur er tíu prósent hér. Í Finnlandi og Noregi er hann 28 prósent og litlu hærri í Svíþjóð. Hann er 25 prósent í Þýskalandi. Í Danmörku eru tvö þrep. 28 prósent skattur fyrir tekjur undir 45.500 dönskum krónum en 43 prósent eftir það.

Bretar greiða lægst tíu prósent, af tekjum undir 2.150 pundum en mest 40 prósent af tekjum yfir 33.300 pundum.

Í Bandaríkjunum er skatturinn frá tíu prósentum og upp í 35 prósent fyrir tekjur yfir 326.450 Bandaríkjadólum (fyrir hjón sem telja fram saman).

Frakkar greiða langlægstan fjármagnstekjuskatt. Þeir sem hafa tekjur upp að 760.000 evrum greiða ekkert. Þeir sem fara yfir sextán milljónir evra þurfa að greiða 1,8 prósent fjármagnstekjuskatt.\*

\*Heimild: RSK



ÍSLENDINGAR VIÐ EIFFEL-TURNINN Frakkar greiða lágan fjármagnstekjuskatt.





er situr milli Hannesar Hólmsteins Gissurarsonar prófessors og Árna M. Mathiesen fjármálaráðherra.

hvernig mestar tekjur fást fyrir lægsta skatthlutfallið, en það sé ekki markmiðið að hámarka tekjur ríkisins.

#### EFNADIR ÞJÓNAR Í SKATTAPARADÍS

Þegar skattalækkanir eru skoðaðar, til að mynda hér á landi eða í Bandaríkjunum, er stutt í þá hugsun að þeir sem mest höfðu fyrir hagnist mest. „Þetta er ekki rétt,“ segir Laffer. „Skattar þeirra ríkustu lækka mest vegna þess að það eru þeir sem greiða skattana. Það er ekki hægt að lækka skatta þeirra sem ekki borguðu hann til að byrja með. En ekki hugsa þér að það séu þeir ríkustu sem hagnast mest. Takist þeim að auka fjárfestingar, tekjur og atvinnu má vel vera að það séu einmitt þeir verst settu sem mest hagnast. Þeir fá vinnu og tekjur þeirra aukast,“ segir Laffer.

Hann tekur dæmi af Bermúda, þar sem ríkir greiða engan tekjuskatt. „Allir þessir milljónamæringar fluttu til Bermúda. Og hvað gerðist? Laun verkamanna, þjóna og margra ann-

arra eru nú með því hæsta sem þekktast í heiminum. Ef þeir ríku fjárfesta og skapa störf, hvert er þá vandamálið? Hefurðu einhvern tímann verið í vinnu hjá einhverjum sem átti ekki neitt?“ spyr Laffer. „Já,“ svarar blaðamaður, sem eitt sinn rak eigið fyrirtæki. „Ég meinti fyrir utan slíkt,“ segir Laffer og hlær.

#### VERRI BANDARÍKI BLASI VIÐ

Laffer rakti ýmis söguleg dæmi í erindi sínu í Þjóðmenningarhúsinu. Öll áttu þau það sameiginlegt að lægri skattar hefðu haft í för með sér uppsveiflu. Þannig skýrði hann til að mynda mikla velmegun í Bandaríkjunum á árunum upp úr fyrri heimsstyrjöld.

Á móti hefðu háir skattar eða hækkunar á þeim haft í för með sér niðursveiflu, jafnvel heimskreppuna á millistríðsárunum. Bandaríkin hafi í raun ekki komist á réttan kjöl í skattalegu tilliti fyrr en Kennedy hefði beitt sér fyrir skattalækkunum á sjöunda áratugnum. „Ég er

ekki pólitískur,“ segir hann. „Ég kaus Bill Clinton í bæði skiptin sem hann bauð sig fram. Mér hagnaðist efnahagsstefna hans betur en hinna, þótt ég sé langt í frá hrifinn af því sem hann gerir í einkalífínu.“

Bush-stjórnin hefur rekið efnahagsstefnu sem er Laffer að skapi. Meðal annars hafa skattar verið lækkaðir, en nokkuð hefur verið gagnrýnt að einkum hinir tekjuhæstu hafi hagnast. Laffer ítrekar fyrra svar sitt við því. En nú er kjörtímabil Bush yngra senn á enda. Hvernig metur Laffer horfurnar vestra?

„Ég hef miklar áhyggjur af framtíðinni,“ segir Laffer um horfurnar í Bandaríkjunum á næstu árum. „Ég hygg að demókratar fari með sigur af hólmi í næstu kosningum. Núverandi stjórn glímur við miklar óvinsældir vegna Íraksstríðsins og það mun ríða henni að fullu. Það er verið að færa öðrum stjórnartaumana á silfurfati. Við tekur stjórn sem mun snúa við í efnahagsmálum. Skattar verða hækkaðir, reglur verða þyngdar og fleira. Eftir fimm ár sé ég fram á allt önnur Bandaríki en við sjáum nú.“

## Umhugsunarefni hvort þetta eigi við

Indriði H. Þorláksson segir að fleira skýri aukna fyrirtækjaskatta en lækkun skattprósentu.

„Að mínu viti hefur þetta ekkert verið rannsakað eða kann að, hvaða þættir hafa haft áhrif á breytingar á tekjuskatti fyrirtækja og meðan það hefur ekki verið gert er að mínu viti afskaplega óvarlegt að fullyrða, að ég tala nú ekki um að alhæfa, um ályktanir af þessum breytingum á þessum tíma.“ Þetta segir Indriði H. Þorláksson, fyrrverandi ríkisskattstjóri, um fullyrðingar um að lækkun fyrirtækjaskatta frá árinu 1991 hafi orðið til þess að skatttekjur af þeim hafi aukist.

„Þá liggur ljóst fyrir að skattar sem slíkir, heildarskattar á Íslandi hafa hækkað á alla mælikvarða. Ekki bara í krónum, heldur líka að raungildi og sem hlutfall af vergri landsframleiðslu,“ segir Indriði H. Þorláksson.



INDRIÐI H. ÞORLÁKSSON Ómögulegt að álykta að kenningar Laffers hafi virkað hér.

#### SKATTSNEIÐIN VAXIÐ HRAÐAR EN KAKAN

„En sem svar við spurningunni um hvort skattar hafi lækkað, þá er svarið að heildarskattbyrðin hefur aukist og hún ræðst náttúrliga fyrst og fremst eða eingöngu af þeim ákvörðunum sem menn taka um ríkisútgjöld. Til lengri tíma litið ákvarðar það skattbyrðina og hærri skattbyrði hér á landi stafar nær eingöngu af því að stærri hluta þjóðarteknanna en áður er varið til samneysunnar.“

Rætt hefur verið um að kakan sé nú stærra, hún hafi stækkað vegna aukinna umsvifa og þess vegna hafi tekjurnar aukist. Indriði segir að skattsneiðin hafi stækkað meira en kakan. „Vegna þess að skattar hlutfallslega eru stærri hluti af heildartekjum þjóðfélagsins en áður. Við getum orðað það svo að kaupmáttur opinberra tekna hefur aukist hraðar og meira en kaupmáttur ráðstöfunartekna einstaklinga,“ segir Indriði.

„Ég held að það sé afskaplega hæpið að hægt sé að heimfæra auknar tekjur af skattlagningu fyrirtækja yfir á lækkun skatthlutfallsins. Hér hefur gerst svo fjöldamargt annað sem hefur áhrif. Tekjur fyrirtækja og skattar af þeim eru í eðli sínu mjög nær fyrir því sem á sér stað í efnahagsumhverfinu. Þegar illa gengur þá dragast þær saman og tapár skila sér í uppsöfnuðu tapi sem færast milli ára. Þetta hefur allt saman áhrif,“ bætir Indriði við.

Hann segir að ekki megi gleyma því að mjög róttækar breytingar hafi gengið yfir í efnahagslífinu á undanförunum einum og hálfum áratug. Hann minnir á inngönguna í Evrópska efnahagsvæðið og einkavæðingu bankanna. „Þannig færðust þeir frá því að vera með stöðugt skattalegt tap í sínum

rekstri. Núna eru þeir orðnir mjög stöndugir greiðendur tekjuskatts.“

Indriði nefnir einnig aðra meginbreytingu sem hafi áhrif á fyrirtækjaskattana; að fólk geti fært einkarekstur inn í hlutafélög. „Þannig hefur orðið til tekjutilfærsla. Þar sem áður voru einstaklingsskattar eru nú fyrirtækjaskattar.“

#### PÓLÍTIÐSK HENTIFRÆÐI

Indriði segir ýmislegt rétt í málflutningi Laffers. Það segi sig sjálft að ríkið fái engar tekjur sé skatthlutfallið núll. Og eins yrðu tekjurnar engar heldur ef hlutfallið væri 100 prósent. Þannig hljóti hámarkið að vera einhvers staðar þar á milli.

„Menn hafa gripið þetta og notað svona sérstaklega í því sem ég kalla hentifræði. Það er þegar sett er fram tilgáta í þeim tilgangi að styðja ákveðinn málstað. Ef Laffer segir að skattar séu í eðli sínu vöndir, þá þjónar það vafalaust tilgangi þeirra sem slíkar skoðanir hafa. Menn verða þá að athuga að skattar ráðast af því sem hið opinbera stendur fyrir. Þannig að þetta er kannski fyrst og fremst spurning um hvaða opinbera þjónustu menn vilja hafa eða ekki.“ Hins vegar sé erfitt að finna stað í raunveruleikanum sem styðji að lægra skatthlutfall auki skatttekjur til framboðar.

„Sé ónotuð framleiðslugeta fyrir hendi í efnahagskerfinu, atvinnuleysi til staðar og fleira. Það sé við slíkar aðstæður sem skattalækkanir geti hvatt til aukinna athafna og þannig aukið starfsemi. Það liggur hins vegar í augum uppi að í þjóðfélagi þar sem er ekkert atvinnuleysi þá hlýtur þetta að hafa mun minni áhrif heldur en annars staðar og þess vegna við okkar aðstæður. Það er með öðrum orðum umhugsunarefni hvort þetta eigi við.“

## Lágur tekjuskattur hér

Tekjuskattsprósenta einstaklinga hér á landi er 23,75 prósent, en auk þess greiðir launafólk útsvar til sveitarfélaga. Skattur til ríkisins er nokkuð mismunandi í nágrannalöndunum. Í Danmörku er skattur á millitekjur og síðan hátekjuskattur. Finnar greiða stighækkandi tekjuskatt sem hæstur verður tæpur þriðjungur af tekjum. Norðmenn greiða almennt 28 prósent tekna sinna í skatt.

Bandaríkjamenn greiða minnst tíu prósent en mest 35 prósent, eftir tekjum. Bretar greiða á bilinu tíu til fjórutíu prósent. Frakkar greiða mest fjórutíu prósent en minnst 5,5 prósent. Þjóðverjar búa líka við þrepaskipt tekjuskattskerfi, þar verður skatturinn hæstur 45 prósent.\*

\*Heimild: RSK



FÓLK AÐ STÖRFUM Tekjuskattur hefur aukist sem hlutfall af heildarskattbyrði.

## Servíettan

Til er skemmtisaga af því hvernig æðstu menn í Bandaríkjunum kynntust kenningum Laffers. Hann mun hafa setið á veitingastað ásamt Dick Cheney, Donald Rumsfeld og fleirum einn góðan veðurdag 1974. Þar á Laffer að hafa sýnt þeim kúrfu sína með því að krotta hana á servíettu. „Ef ég segi þér alveg eins og er, þá veit ég ekki hvort sagan er sönn,“ segir Laffer. „En þó er eitt sem fær mig til að efast. Það eru nefnilega notaðar tauservíettur á þessum veitingastað og móðir mín brýndi fyrir mér að fara vel með þær,“ segir Laffer og skellir upp úr.



# MARKAÐURINN

Sögurnar... töluarnar... fólkið...

Óróleiki á fjármálamörkuðum teygir sig yfir hafið.

## Aðsteðjandi vandi

Björgvin Guðmundsson

Útlit er fyrir að óróleikinn á fjármálamörkuðum muni vara lengur en margir vonuðu. Lengi vel krosslagði fólk fingur um hverja helgi og vonaðist til að markaðurinn rétti úr kútnum í komandi viku. Úr þeirri bjartsýni hefur dregið. Nú er meiri áhersla lögð á að upplýsa markaðinn og að mæta vandanum. Þannig verður sársaukinn minni þegar upp er staðið.

Erfiðleikarnir hafa hverfst í kringum bandarísk fjármálafyrirtæki og haft áhrif um allan heim. Líka á Íslandi. Einfalda skýringin er sú að offramboð á ódýrum peningum í upphafi aldar leiddi til þess að fyrirtæki fóru að lána fólki sem var með ótrygga greiðslugetu og litlar eignir á bak við sig. Það þurfti lítið til að rugga bátinum.

Árið 2006 fór að bera á því að fólk stóð ekki í skilum. Vextir höfðu hækkað og bakslag kom í bandaríska húsnæðismarkaðinn. Veð voru ófullnægjandi, lánsflutfall hátt og fasteignaverð hækkaði víða. Eignir í söluskram fasteignasala höfðu aldrei verið fleiri og seldust illa. Þetta vandamál hefur svo undið upp á sig á þessu ári.

Vissulega sáu fjölmargir sérfræðingar það fyrir að vanskil yrðu einhver á þessum lánnum. Hins vegar grunaði fáa hversu víðtæk áhrif in yrðu. Stærstu bankar heims hafa þurft að afskrifa milljarða og aftur milljarða. Æðstu stjórnendur eru látnir fjúka. Fjármálafyrirtæki beggja vegna Atlantsála sjá ekki fyrir endann á erfiðleikum. Kaupþing hefur tapað mest íslensku bankanna á svokölluðum skuldavafningum fyrstu níu mánuðum ársins, eða tæpum sjö milljörðum króna.

Tap íslensku bankanna vegna þessa hefur ekki verið mikið hingað til en lausafjárkreppa sem fylgir í kjölfarið er kostnaðarsöm. Penningar á alþjóðamörkuðum eru dýrir og bankar tregir að lána. Vextir rjúka upp. Fólk og fyrirtæki leita í örugg ríkisskuldabréf. Hlutabréf lækka í verði. Margir sitja uppi með nánast verðlausa pappíra, sem áður fengu sömu einkunn hvað öryggi varðar og bestu bankastofnanir heims. Vandamál fjármálafyrirtæka smitast eðlilega yfir á önnur svið viðskiptalífisins.

Í lausafjárkreppu skiptir máli hvernig bankar geta fjármagnað starfsemi sína. Íslensku bankarnir hafa allir lagt áherslu á góða stöðu sína. Þeir þurfi ekki að fá mikla peninga að láni á næstunni til að geta staðið við skuldbindingar sínar. Landsbankinn virðist hafa komið ár sinni vel fyrir borð hvað þetta varðar. Innlán bankans í Bretlandi hafa aukist mikið, sem er mikilvægt á tímum sem þessum. Þau eru hins vegar óbundin og geta þurrkast upp á stuttum tíma. Bankastjórnarnir eru meðvitaðir um þetta og bjartsýnir á að geta bundið stærri hluta innlánanna til lengri tíma.

Augu flestra beinast að Kaupþingi. Í nýlegri greiningu Morgan Stanley sagði að bankinn ræki áhættusamasta viðskiptamódel allra banka á Norðurlöndum. Áhættuálag sem bankinn þarf að greiða hefur hækkað. Stjórnendur hafa samt ítrekað komið fram opinberlega og sagt hann standa vel. Þeir þurfi ekki að sækja mikla peninga á markaðinn í næstunni, eigi nóg af lausu fé og veðhæfum verðbréfum. Þegar uppgjör þriðja ársfjórðungs var kynnt lagði Hreiðar Már Sigurðsson forstjóri áherslu á aukin innlán. Það er greinilegt að Kaupþingsmenn horfa til Landsbankans í þeim efnum.

Í upphafi ársins 2008 stefnir Kaupþing á að gefa út nýtt hlutafé til að fjármagna kaupin á hollenska bankanum NIBC. Hlutabréf félagsins höfðu á mánudag lækkað um rúm sautján prósent á fjórum vikum. Lækkunin er talin eðlileg miðað við aðstæður á markaði. Það verður hins vegar dýrara fyrir núverandi eigendur að fjármagna kaupin en áður var talið. Kaupþing býr samt að traustum eigendahópi sem er tilbúinn að styðja við bakið á bankanum.

Það er ljóst að óvissan á fjármálamörkuðum mun halda eitthvað áfram. Það er eðli hins frjálsa markaðar að taka í taumana tefli menn of djarft. Það verður af og til að slátra svörtum sauðum í stórrí hjörð. Íslensk fjármálafyrirtæki hafa burði til að standa óróleikann af sér. Stóra spurningin er hve mikið það mun kosta.

bjorgvin@markadurinn.is | holmfridur@markadurinn.is | ingimar@markadurinn.is | jonab@markadurinn.is | olrik@markadurinn.is | sindri@markadurinn.is

## Kröfufjármögnun á netinu - einföld og skilvirk lausn

Með Kröfufjármögnun Landsbankans gefst fyrirtækjum kostur á lántöku gegn veði í viðskiptakröfum með einfaldari hætti en áður.

Ávinningur fyrirtækja er margþættur, m.a. er auðveldara að fjármagna vöxt fyrirtækisins þar sem rekstrarfé eykst í hlutfalli við aukna sölu.

Hafðu samband við fyrirtækjasérfræðing í næsta útibúi eða þjónustuborð fyrirtækja í síma 410 9191

www.landsbanki.is

Landsbankinn

# Hversu verðmætt er vel varið kortanúmer?

ORD Í BELG

Jóhannes Ingi Kolbeinsson, framkvæmdastjóri Kortabjónustunnar.



Hugsum okkur fyrirtæki sem geymir bunka af undirskriftum en óútfylltum ávísunum fyrir viðskiptavinum sína til notkunar við viðskipti síðar. Við sjáum fyrir okkur að auðvitað yrðu ávísanirnar geymdar allar saman í læstri hirslu í umsjón gjaldkera. Þær myndu ekki liggja frammi í anddyri eða á víð og dreif um fyrirtækið á misvel vörðum stöðum og engum dytti í hug að senda þær út í bæ, heftaðar við póstkort.

Þetta er svo sjálfsgætt að fæstum finnst væntanlega taka því að nefna þetta. En þegar við yfirferum þessa hugsun á meðferð greiðslukortanúmera komumst við að því að víða á Íslandi liggja mikilvægir ávísanir einmitt á glámbekk. Í raun eru greiðslukortanúmer ekkert annað en ávísanir á reikning viðskiptamanna og ef óprúttir aðilar komast yfir þau geta þeir tekið út vörur og þjónustu á kortanúmerin þeirra. Munurinn á geymslu óútfylltra ávísana og greiðslukortanúmera er hins vegar sá að það er auðveldara að fylgjast með því að ávísanirnar séu á sínum stað á meðan greiðslukortanúmerin eru send milli kerfa og vistuð rafrænt og því þarf sérfræðipækkingu til að ganga úr skugga um að þau liggja hvergi á lausu.

### ÖRYGGISSTAÐLAR HUNSAÐIR HÉR

Eftir að æ fleiri tilfelli komu upp þar sem miklum fjölda greiðslukortanúmera var stolið frá stórum fyrirtækjum réðust alþjóðlegu greiðslukortafyrirtækin Visa International og Mastercard International í að þróa og innleiða sérstakan öryggisstaðal, svokallaðan PCIDSS-staðal (Payment Card Industry Data Security Standard). Hann gengur út á að tryggja að öll meðhöndlun og geymsla kortaupplýsinga sé algerlega örugg og geta þau fyrirtæki sem uppfylla öll skilyrði um gagnöryggi í kerfisrekstri fengið sérstaka PCI-vottun.

Síðustu árin hefur verið mjög hart lagt að fyrirtækjum sem geyma eða vinna með greiðslukortaupplýsingar að þau

uppfylli kröfur PCI DSS-staðalsins. Þetta hefur að mörgu leyti verið sársaukafullt ferli og má til að mynda nefna að þegar ákveðið var að setja það að skilyrði í Danmörku að öll kortabjónustufyrirtæki yrðu að hafa PCI DSS-vottun fækkaði slíkum fyrirtækjum úr 85 í 15. En það eru ekki bara sjálf kortabjónustufyrirtækin sem eiga samkvæmt kröfum Visa og Mastercard að uppfylla kröfur PCI DSS-staðalsins, heldur í raun allir söluáðilar sem taka við Visa eða Mastercard kortafærslum. Ef fjöldi færslna fer yfir skilgreind mörk eða ef kortanúmer eru geymd, þarf að fá sérstaka PCI DSS-vottun frá utanaðkomandi aðila. Það þýðir að hér á landi ætti nokkur fjöldi fyrirtækja að uppfylla kröfur alþjóðlegu greiðslukortafyrirtækjanna um PCI DSS-vottun.

Reyndin er hins vegar sú að aðeins eitt fyrirtæki á Íslandi, Kortabjónustan, er með PCI DSS-vottun. Enn sem komið er hefur engu öðru íslensku fyrirtæki, hvorki kortafyrirtæki né söluaðila, tekist að uppfylla nauðsynlegar kröfur um kortaöryggi. Þetta þýðir að umtalsverð hættu er á að víða hér á landi séu upplýsingar um greiðslukortanúmer illa varðar fyrir glæpamönnum sem sérhæfa sig í greiðslukortastuldi og afar mikilvægt að úr þessu ástandi sé bætt sem fyrst.

### STRANGAR KRÖFUR

Ég trúir því reyndar að ástæðan fyrir því að ekkert íslenskt fyrirtæki annað en Kortabjónustan hafi séð sér fært að standast kröfur PCI DSS-staðalsins sé ekki slóðaháttur eða kæruleysi, heldur einfaldlega hversu erfitt er að standast þær miklu kröfur sem PCI DSS-staðallinn gerir. Það þarf að

umbylta öllum kerfum sem koma að varðveislu kortaupplýsinga, umsýslu, sendingum og móttöku. Eins þarf að endurhanna tölvunet, kerfisuppbyggingu og endurskoða aðgangsstýringar auk þess sem PCI DSS snertir einnig almennar vinnureglur, t.d. um hlutverkaskilgreiningar, öryggisstefnu og starfsmannahald, þar sem m.a. þarf að skoða bakgrunn allra starfsmanna sem umgangast kortanúmer. Viðurkenndur úttektaraðili gerir svo á hverju ári heildarúttekt á fyrirtækinu til að votta að staðlinum sé fullnægt, auk þess sem gerðar eru óvæntar árásir með nýjustu tölvuárásartækni minnst fjórum sinnum á ári til að kanna hvort á einhvern hátt sé hægt að komast inn í kerfi viðkomandi fyrirtækis.

### HVERS VIRÐI ER TRAUST OG ORÐSPOR?

Það er vissulega flókið og kostnaðarsamt að uppfylla ýrtruðu öryggiskröfur í þessum efnum, en um leið verða stjórnendur að átta sig á að ef ekkert er að gert er hættunni boðið heim. Án PCI DSS-vottunar geta öryggisglufur leynst víða, jafnvel þótt umsjónarmenn tölvukerfisins telji sig vera með allt á hreinu. Því ættu stjórnendur ekki að hugsa sem svo að valið standi á milli þess að gera ekki neitt – sem kosti þá 0 krónur – og hins vegar leggja í kostnað við að tryggja PCI DSS-vottaða kortaumsýslu. Þeir ættu frekar að veita og meta kostnaðinn sem yrði af því ef tugþúsundum kortanúmera í þeirra umsjá yrði stolið. Hann mælist ekki bara í beinum kostnaði fyrirtækisins, viðskiptavina þess og bankanna sem þeir skipta við, heldur líka í rúnu trausti og glötuðu orðspori. Allir stjórnendur ættu því að gera það upp við sig hversu verðmætt það sé að tryggja algert öryggi þeirra greiðslukortaupplýsinga sem þeim er treyst fyrir. Er hægt að réttlæta það að fylgja ekki ýrtruðu öryggisreglum þegar kemur að geymslu kortanúmera sem hægt er að nota sem óútfylltar ávísanir á reikning viðskiptavina?

**Það er vissulega flókið og kostnaðarsamt að uppfylla ýrtruðu öryggiskröfur í þessum efnum, en um leið verða stjórnendur að átta sig á að ef ekkert er að gert er hættunni boðið heim. Án PCI DSS-vottunar geta öryggisglufur leynst víða, jafnvel þótt umsjónarmenn tölvukerfisins telji sig vera með allt á hreinu.**

### UM VÍÐA VERÖLD

#### Væn launahækkun

New York Times | John Thain, sem ráðinn var í sæti forstjóra bandaríska fjárfestingarbankans Merrill Lynch í síðustu viku, fær fimmtán milljónir dala, jafnvirði 900 milljóna íslenskra króna, í árslau.

Þetta jafngildir 75 milljónum íslenskra króna á mánuði. Við bætast árangurstengdir kaupréttar-samningar. Þetta er þrisvar sinnum hærra laun en hann fékk sem forstjóri bandarísk-eyrópsku kaup-hallarsamstæðunnar NYSE Euronext, samkvæmt heimildum bandaríska dagblaðsins The New York Times. Launin þykja vissulega í hærri kantinum en blaðið bendir á að ráðningin marki tímamót enda sé vonast til að Thain, sem hefur störf hjá bankanum í næsta mánuði, takist að sigla á milli skers og báru og bæta hag bankans sem neyddist til að afskrifa lán upp á 8,4 milljarða Bandaríkjadala, jafnvirði rúmra 500 milljarða íslenskra króna, á síðasta fjórðungi. Í kjölfar afskriftanna tók Stanley O'Neal, fyrrverandi forstjóri bankans, poka sinn.

#### Bónus í hallærinu

Bloomberg | Og enn úr fjármálalífínu því bankar og fjármálafyrirtæki á Wall Street ætla að greiða starfsmönnum sínum 38 milljarða Bandaríkjadala, jafnvirði 2.282 milljarða íslenskra

króna, í árangurstengdar bónusgreiðslur fyrir vel unnin störf á árinu. Þetta er tveimur milljörðum dala meira en starfsmennirnir fengu greitt í fyrra og hefur upphæðin aldrei verið hærri. Þetta þykir skjóta nokkuð skökku við í miðri fjármálakreppunni sem hefur leitt til þess að fyrirtækin hafa tapað rúmlega helmingi hærri upphæð en bónusgreiðslurnar hljóða upp á, að sögn bandarísku fréttaveitunnar Bloomberg. Fréttaveitunni telst þó til að upphæðin skiptist á hendur 186 þúsund starfsmanna hjá Goldman Sachs, Morgan Stanley, Merrill Lynch, Lehman Brothers og Bear Stearns og fær hver starfsmaður jafnvirði 12,1 milljónar íslenskra króna í vasa sinn.



## SAGAN Á BAK VIÐ ... .. GUÐMUND KRISTJÁNSSON, FORSTJÓRA ÚTGERÐARFÉLAGSINS BRIMS

## Með útgerðina úr föðurlegg

Guðmundur Kristjánsson, forstjóri útgerðarfélagins Brims, hefur verið talsvert í fréttum upp á síðkastið en eignarhaldsfélagið Stilla ehf., sem er í eigu þeirra bræðra Guðmundar og Hjálmars, gerði í sumar tilboð í Vinnslustöðina í Vestmannaeyjum. Tilboðið hljóðaði upp á 8,3 krónur á hlut, sem var tæplega helmingi hærra en tilboð Eyjamanna, sem núverandi stjórnendur og eigendur Vinnslustöðvarinnar fara fyrir. Tilboðið fékk heldur

lítinn hljómgrunn úti í Eyjum. Vinnslustöðin hefur á stundum verið nefnd síðasti móhikaninn enda síðasta útgerðarfélagið sem skráð er í Kauphöllina. Til stendur að afskrá það á næstunni.

Guðmundur Kristjánsson fæddist árið 1960 og ól manninn á Rífi á Snæfellsnesi. Hann lauk grunnskólanámi sínu þar og hélt síðan í Héraðsskólann í Reykholti og í framhaldsnám í Verslunarskólanum. Þá nam hann sömuleiðis útgerðartækni í Tækniskólanum og fór í kjölfarið í háskólanám í viðskipta- og markaðsfræðum í Bandaríkjunum.

Guðmundur sneri heim frá



námi árið 1986 og hóf að stjórna útgerð og fiskverkun ásamt föður sínum og bróður á Rífi. Um svip að leyti stofnuðu þeir með sér hlutafélag um reksturinn. Fyrirtækið hóf í kjölfarið að kaupa og byggja upp kvóta auk þess sem smíði hófst á tveimur stórum línubátum, Tjaldi og Tjaldi II. Bátarnir lönduðu aflanum ýmist ferskum á fiskmarkaði eða frystum á erlendan markað.

Árið 1998 skiptu þeir feðgar rekstrinum upp og tók Guðmundur við forstjórastóli Tjalds, sem

**GUÐMUNDUR KRISTJÁNSSON** Forstjóri Brims horfir á möguleikana sem felast á hafi úti.

MARKAÐURINN/GVA

gerði út einn línubát í byrjun en stækkaði fljótlega, ekki síst eftir kaup á Básafelli ári síðar.

Í byrjun árs 2004 keypti félagið Útgerðarfélag Akureyrar af Eimskipafélaginu fyrir nú milljarða króna. Tjaldur gerði á þessum tíma út fjóra togara og var með veiðheimildir upp á 8.384 þorskígildistonn. ÚA var til samburðar rúmlega tvöfalt stærra. Það réði yfir einum togara meira, en hafði yfir að ráða 19.241 þorskígildistonn.

Árið 2005 var nafni Útgerðarfélagins Tjalds, KG fiskverkunar, sem Hjálmar Kristjánsson rak, og ÚA breytt í Brim.

## SPÁKAUPMAÐURINN

## Nýr standard

Mikið óskaplega er ég ánægður að vera giftur. Hjónabandið gengur náttúrulega upp og ofan eins og gengur en yfirleitt í góðum gir.

Sú var tíðin að konur voru ánægðar ef einhver bara vildi þær og brostu út að eyrum þegar þær gengu inn til sýslumannsins og létu þússa sig saman við karlinn frammi fyrir lögum. Síðan var venslafólki í besta falli boðið í kaffi heima í stofu og borðið hlaðið ýmsu sniðugu og smálegu. Gjafirnar voru svona upp og ofan en flestar pantaðar fyrir fram. Hveitibrauðsdögunum síðan yfirleitt varið í sól og sumaryl á einhverri ströndinni. Ef ekki í útlöndum þá á hótélherbergi á Búðum sem tengdaforeldrarnir splæstu saman í.

Kóngarnir í fjármálageiranum hafa sett nýjan standard í brúðkaupum. Nú þússar sig enginn saman nema tjalda í höfuðborginni eða í námunda við hana og bjóða upp á sjaldséðan aðalrétt, hljómsveit, helst nafn, og hamborgarapartí um nóttina. Ég hef farið í ófá brúðkaup síðustu ár og dansað af mér lappirnar í nokkrum þeirra. Ein af skemmtilegri hljómsveitunum er án nokkurs efa Milljónamæringarnir. Þegar allir eru við það að gefast upp er til síðs að kippa liðinu niður á plebbalevel, trilla hamborgurum inn og hlaða batteríin á ný.

Jón Ásgeir og Ingibjörg Pálma endurtóku leikinn um helgina nema hvað pulsum var bætt við gotteríð. Sem var gott enda einfaldara að borða þær en borgarana. Gus Gus var reyndar allt of snemma á sviðið og ekki alveg fyrir minn smekk, ólíkt Nýdanskri. Ég beið spenntur eftir að sjá hverjir sungu með í viðlaginu „Hjálpaðu mér upp“ enda margir gestanna svolítið trekkir í giruninni. Held samt að ég hafi verið á klóinu þegar bandið tók lagið eða að skoða nýja Range Roverinn sem einn kunningi minn keypti á dögnum. Það tók hann reyndar dágóðan tíma að ramba á réttan bíl enda margir af sömu sort á planinu og erfitt að greina þá í sundur í myrkrinu.

Maður var náttúrulega í vinnunni allan tímann, snusandi tækifæri yfir kobe-kjötinu og víninu og landandi díl í dönsunum. Konan var ekki sátt við það og minnti mig á brullaupið hjá Benna. Ég bjargaði málinu og tók hana í netta sveiflu. Dansaði svo af mér fæturna í einskærri gleði yfir því að þurfa ekki að gifta mig aftur.

Spákaupmaðurinn á horninu

Auglýsingasími

512 50 50

- Mest lesið

## Nýtt andrúmsloft á fundum



PIPAR • SÍA • 71848

Fundargestir í einum af glæsilegum fundarsölum Radisson SAS Hótel Sögu láta fara vel um sig og fylgjast með kynningu á stórum flatskjá. Umhverfið er glænýtt, allar innréttingar, húsgögn og tækjabúnaður. Allir fundar- og ráðstefnusalirnir á Radisson SAS Hótel Sögu hafa verið endurnýjaðir frá grunni. Salirnir eru fjölbreyttir og henta fyrir fjölmenna fundi, fámenna fundi, morgunverðarfundi, hádegisverðarfundi, ráðstefnur og aðalfundi. Veitingar eru í boði sem henta tilefninu og tæknimaður er til staðar svo allt gangi snurðulaust fyrir sig.

Það er nýtt andrúmsloft á fundum og ráðstefnum á Radisson SAS Hótel Sögu.

Radisson SAS Saga Hotel

Sími: 525 9900  
hotelsaga@hotelsaga.is  
www.hotelsaga.is

Radisson SAS  
SAGA HOTEL, REYKJAVÍK



## Stormur í vatnsglasi

„Ég held að þetta sé stormur í vatnsglasi, ef ég á að segja eins og er,“ segir Gísli Ásgeirsson, veiðihugamaður og stjórnarformaður Lax ehf. Vísar hann þar til áhyggna af því að alþjóðlegi auðmannaklúbburinn Everlands ætli að sölsa undir sig laxveiðiár hér á landi og loka fyrir aðgengi annarra en meðlima klúbbsins.

Meðaljónar fá ekki inngöngu í Everlands enda er meðlimagjaldið um sextíu milljónir króna. Klúbburinn hefur að markmiði að kaupa upp náttúruperlur um allan heim. Á heimasíðu hans er Ísland nefnt sem framtíðarskotmark. Forsvarsmenn Stangaveiðifélags Reykjavíkur hafa lýst yfir áhyggjum af áætlunum klúbbsins. „Eins og jarðaverð hefur verið að þróast á Íslandi held ég að

enginn bíði í röðum til að ná heilli á á Íslandi,“ segir Gísli. „Þínulitlir jarðarskikar eru að seljast á hundruð milljónir sem gefa nokkur hundruð þúsund krónur á ári. Kaupendurnir yrðu að kaupa upp mikinn meirihluta landeignanna við árnar. Til þess þarf að punga út hundruðum milljóna, jafnvel milljarði króna. Ég sé enga yfirvofandi hættu á að það verði.“

Gísli telur að í stað þess að hafa áhyggjur ættu Íslendingar að gleðjast yfir áhuga auðmannanna. Sérstaklega í ljósi þess að áhugi útlendinga á laxveiði á Íslandi hafi dregist saman. „Það er gott að Ísland sé inni á kortinu hvað varðar veiði á alþjóðamarkaði. Við erum að keppa við mjög margar freistingar í veiðibransanum víða um heim.“

- hhs



**LOKAD FYRIR ALMENNING?** Auðmannaklúbburinn Everlands hefur áhuga á að kaupa laxveiðiár á Íslandi til einkaafnota fyrir meðlimi sína.



**FRÁ MÁLÞINGI Í LANDSBANKANUM** Jónas Haralz, Sigurjón Árnason, bankastjóri Landsbankans, og Elín Sigfúsdóttir, framkvæmdastjóri fyrirtækjasviðs. „Þeir kunna að sigla djarft,“ sagði Jónas um núverandi stjórnendur bankans.

# Bankar þrífust illa í skjóli ríkisvaldsins

Jónas Haralz áttaði sig á því árið 1984 að eðlileg bankastarfsemi gæti ekki komist á hér á landi í skjóli ríkisins. Það tók tæp tuttugu ár að vinna þeirri hugmynd fylgi.

Björgvin Guðmundsson  
skrifar

Jónasi Haralz, fyrrverandi bankastjóri Landsbankans, var það fullljóst árið 1984 að eðlileg bankastarfsemi gæti ekki komist á hér á landi á meðan bankarnir væru í eigu og undir náinni umsjá ríkisins. Hann segir samt að enginn pólitískur grundvöllur hafi verið fyrir einkavæðingu ríkisbankanna á þeim tíma né fyrir sjáanlegt að hann gæti orðið til. Undir þeim kringumstæðum taldi hann eðlilegt millistig að breyta bönkunum í hlutfélög í eigu ríkisins þar sem fylgt væri hliðstæðum stjórnarháttum og tíðkuðust í hlutfélögum almennt.

„Þetta myndi gera ríkisbönkunum auðveldara að laga sig að nýjum aðstæðum og keppa við vaxandi einkabanka án þess að styðjast við forréttindi ríkisábyrgðar. Fyrir slíki breytingu var þó heldur ekki pólitískur grundvöllur á þessum tíma. Það er ekki fyrr en með breytingu Útvegsbankans í hlutfélag og þeim samruna við einkabanka sem því fylgdi sem ný viðhorf koma til sögunnar en þetta gerðist ekki fyrr en undir lok áratugarins,“ skrifar Jónas í Tímarit um viðskipti og efnahagsmál, sem kom út í síðustu viku og er gefið út af viðskipta- og hagfræðideild Háskóla Íslands. Grein Jónasar heitir Hefðir og umbreyting og fjallar um störf hans sem bankastjóri Landsbankans árin 1969 til 1988.

### Í HRINGIÐUNNI

„Jónas Haralz var mitt í hringiðu efnahagsmála á síðari hluti tuttugustu aldar með störfum sínum sem efnahagsráðgjafi ríkisstjórna, forstjóri Efnahagsstofnunar, bankastjóri Landsbankans og í fjölmörgum öðrum ábyrgðarstöðum fyrir þjóðina. Jónas þekkir því þennan tíma frá fyrstu hendi. Hann var nálægur þegar allar helstu ákvarðanir voru teknar – og oft hafður með í ráðum en stundum ekki. Jónas býr einnig yfir þeim gullvægu eiginleikum góðs sagnaritara að vera bæði sannorður, nákvæmur og minnugur – sem sést vel í þessari ritgjörð,“ skrifar Ásgeir Jónsson, hagfræðingur Kaupþings, í formála Tímarits um viðskipti og efnahagsmál.

Jónas rifjaði upp fund með Jóni Sigurðssyni viðskiptaráðherra í mars 1988. Fór hann þar yfir stöðu bankans og sagði nauðsynlegt að efla bankann og styrkja í vaxandi samkeppni á peningamarkaðnum. Auka þyrfti eigið fé hans um að minnsta kosti tvo milljarða króna. Breyting bankans í hlutfélagsbanka kæmi mjög til álit.

Það var svo aftur árið 1989, þegar Jónas vann í Alþjóðabankanum, að hann fagnaði tilkomu Íslandsbanka í Morgunblaðsgrein. Sagði hann að enn yrði þó meira en helmingur bankakerfisins í ríkiseign. Þeir bankar nytu ríkisábyrgðar jafnframt því sem ætlast væri til að þeir tækju sérstakt tillit til einstakra atvinnugreina og ýmissa annarra sjónarmiða stjórnvalda. Nýjar aðstæður krefðust breytinga. Til að byrja með að breyta bönkunum í hlutfélög.

Jónas sagðist hafa litið á hlutfélagavæðingu sem fyrsta skrefið í einkavæðingu bankakerfisins. Ekkert hefði síðan gerst fyrr en 1989 þegar hlutfélagavæðingin gekk eftir. Í upphafi þessarar aldar voru síðan bankarnir seldir. Þá voru um átján ár frá því að Jónasi var fullljóst að ríkið þyrfti að draga saman umsvif sín í bankarekstri.

Jónas sagði á málþinginu að honum virtist sem einkavæðingin hefði tekist vel. Hann fylgdist með Landsbankanum og sagði þá sem þar stjórnðu fara fram af varúð og íhygli. Þeir kynnu að sigla djarft en rifuðu seglin þegar á móti blési.



## JÓLAMATSEÐILL Í HÁDEGINU

Spennandi og hátíðlegur 3ja rétta  
jóláhádegisverður á 3.500 kr.

Borðapantanir í síma 552 5700  
og á holt@holt.is.




Bergstaðastræti 37 Sími 552 5700 holt@holt.is www.holt.is

# LITASERÍA FRÁ



GOTT FOLK, MCCANN





ADALBYGGING HÁSKÓLA ÍSLANDS

## Matís í tímamóta-samstarf við Háskólann

Matvælarannsóknir tengjast heilbrigðissviði.

Verið er að ganga frá samningi um stóraukið samstarf Matís ohf., og Háskóla Íslands. Þetta kom fram í máli Sjafnar Sigurgísladóttur, forstjóra Matís, á haustráðstefnu fyrirtækisins fyrir helgi.

Sjófn segir samstarfið munu marka ákveðin tímamót, en þegar starfar fjöldi doktorsnema að verkefnum hjá Matís í samstarfi við Háskólann. Hún segir markmið skólans að efla enn frekar matvæla- og næringarfræðimenntun. „Þannig mun samstarfið verða til að efla enn frekar alþjóðlega menntun og rannsóknir. Á sama tíma er verið að vinna að miklum skipulagsbreytingum innan Háskóla Íslands og sér Matís mikil tækifæri í því að matvæla- og næringarfræði verði deild innan heilbrigðissviðsins og er það í raun hluti af þeirri þróun sem almennt á sér stað í þjóðfélaginu. Það er að segja að tengja saman í auknum mæli matvælaþróun, matvælaframleiðslu og næringu og heilsu.“

Matís er opinbert hlutfélag sem sinnir matvælarannsóknunum og varð til um síðustu áramót við samruna þriggja ríkisstofnana, Rannsóknastofnunar fiskiðnaðarins, Matvælarannsóknna Keldnaholti og Rannsóknastofnu Umhverfisstofnunar. - óká



# ALLIR ERU AÐ HLUSTA!

**ÍVAR GUÐMUNDS**  
alla virka daga kl. 9

**REYKJAVÍK SÍÐDEGIS**  
alla virka daga kl. 16

**RÚNAR RÓBERTS**  
alla virka daga kl. 13

**Í BÍTIÐ**  
alla virka daga kl. 7

**VALDÍS GUNNARS**  
sunnudaga kl. 9

**KVÖLDSÖGUR**  
námtdagskvöld kl. 22

**SIMMI OG JÓI**  
laugardaga kl. 9

**ENN Á TALI**  
sunnudaga kl. 16

**MÚSÍK OG SPÖRT**  
laugardaga kl. 16

**BYLGJAN 989**  
- ALLIR ERU AÐ HLUSTA!

# XEROX



Það liggur ljóst fyrir að upplýsingar sem ekki kveikja áhuga eru einskis nýtar. 30 ára reynsla Xerox kemur ljóslifandi fram í skínandi litum sem vekja 82% meiri athygli.

Af einbeittni hefur Xerox þróað nýjungar sem auka gæði, áreiðanleika og hagræðingu í litaprentun. Sérfræðingar okkar

aðstoða þig við að fá sem mest út úr litunum og finna fullnægjandi lausnir á litakröfum þínum. Með Xerox blasir við þér björt framtíð.



Xerox litaprentarar, fjölnota kerfi og stafrænar prentvélar.



## DAGUR Í LÍFI...

Katrín Pétursdóttir, forstjóra Lýsis

Katrín Pétursdóttir er forstjóri Lýsis hf. sem framleiðir margs konar heilsuvörur sem fluttar eru til 67 landa um allan heim.

**07.15** Fór á fætur, vakti dóttur mína og settist svo yfir blaðið með morgunmatinn.

**08.00** Sundsprettur í Seltjarnarneslauginni. Ég er að komast í gang með morgunsundið eftir nokkuð hlé. Þetta er æðisleg leið til að byrja daginn.

**09.00-12.00** Fékk mér gúllara af lýsi þegar ég kom í vinnuna. Það geri ég að sjálfsögðu alltaf á morgnana, ýmist heima eða í vinnunni, og er svo í því að smakka það allan daginn líka. Svartaði svo tölvupósti og átti smáfundi fram að hádegi.

**12.00-16.30** Erlenda gesti bar að garði. Hingað var kominn umboðsmaður okkar í Danmörku ásamt innkaupastjóra frá Dansk Supermarket, sem meðal annars á Nettó, Bilka og Fötex. Upphófst allsherjar kynning á fyrirtækinu. Við tókum rúntinn um verksmiðjuna og ég sýndi þeim framleiðsluna. Við fórum svo yfir hvaða vörur þeir hafa verið með. Þetta var árangursríkur fundur, enda ætla þeir að bæta hjá sér úrvalið.

**17.00** Skiluðum útlendingunum á hótelið. Þá fór ég rakteitt heim að ryksuga því von var á gestunum til mín í fordrykk.

**18.00-19.45** Ég bauð gestunum upp á sviðasultu, lifrarpylsu og harðfisk með fordrykknum. Mér tókst ekki að koma ofan í þá brennivíni með, þótt ég reyndi það. En þeir fengu hvítvín í staðinn.

**20.00** Við fórum í kvöldmat á Lækjarbrekku þar sem pantaður var gourmet-matseðill. Áttum svo rólegt spjall yfir fiski, lambakjöti og alls konar fínirí.

**23.15** Fór með útlendingana upp á hótél og hélt heim á leið.

**24.00** Í háttinn eftir nokkuð óvenjulegan mánudag. Hér er yfirleitt mikið rennsli af útlendingum. Það er þó sjaldgæft að ég bjóði í fordrykk á mánudögum.



Í HEIMSÓKN HJÁ LÝSI  
Katrín Pétursdóttir, forstjóra Lýsis, sýnir innkaupastjóra Dansk Supermarket hvernig framleiðsla á lýsi er háttað.

MARKAÐURINN/GVA



## Fatnaður fyrir hótél og veitingahús

Fjölbreytt úrval – heildarlausn í starfsmannafatnaði



Hexa ehf | Smiðjuvegi 10 | 200 Kópavogur | sími: 414 8400 | e-mail: hexa@hexa.is



KLIFRAÐ Á MALLORCA Ferðanefnd Kaupþings hefur skipulagt göngur á flesta tindum í kringum höfuðborgarsvæðið. En starfsfólk bankans lætur ekki Íslandstinda nægja. Í haust fór hópur meðal annars til Mallorca.

MYND/JÓSEF GÍSLASON

# Slökkt á hugsuninni

Að sigrast á fjallstindum í sameiningu mun vera ein besta aðferð hópeflingar sem völ er á. Stjórnendur íslenskra fyrirtækja leggja aukna áherslu á góða heilsu starfsmanna sinna.

Hólmfríður Helga Sigurðardóttir  
skrifar

„Það var nú bara hlegið að mér þegar ég kom fyrst með hugmyndir um að ganga á Mallorca, enda sá fólk hana ekki fyrir sér sem gönguferðastað. Núna eru þær fáar ferðaskrifstofurnar sem ekki bjóða upp á gönguferðir til útlanda. Það er engin spurning að áhuginn er að aukast,“ segir Steinunn Harðardóttir, leiðsögumaður og dagskrárgerðarmaður á Ríkisútvarpinu. Steinunn hefur í rúm fimmtán ár haft það að starfi að skipuleggja gönguferðir fyrir hópa í útlöndum. Árið 1991 stofnaði hún fyrirtækið Göngu-Hrólf utan um þetta stóra áhugamál. Úrval-Útsýn keypti svo fyrirtækið af henni árið 1998. Síðan hefur það verið rekið sem sjálfstæð eining undir ípróttadeild Úrvals-Útsýnar.

### GENGIÐ Á FJALLSTINDA VÍÐA UM HEIM

Auk Mallorca hefur Steinunn gengið með hópa í Toscana-héraði á Ítalíu, í Pýreneafjöllum, á Grikklandi og Tyrklandi. Oft eru það hópar innan fyrirtækja sem kaupa þjónustu Göngu-Hrólfs. Gönguferðir eru enda með bestu gerð hópeflingar sem völ er á, að mati Steinunnar. Þá segir hún fólk njóta þess að slaka á og leyfa öðrum að sjá um að stjórnna. „Í þessum ferðum er allt skipulagt. Fólk kvartar góðlátlega ef það þarf að velja sjálft milli þriggja rétta á matseðlinum. Það nýtur þess að slökka á hugsuninni og láta líkamann vinna í staðinn. Ég hef einmitt tekið eftir því að fólk sem þarf að taka mikið af ákvörðunum dags daglega nýtur þess sérstaklega.“

Starfsmenn Kaupþings hafa tvisvar farið í ferðir á vegum Göngu-Hrólfs, annars vegar til Krítar og hins vegar til Mallorca nú í haust. Guðrún Bjarnadóttir, starfsmaður á upplýsinga- og tæknisviði Kaupþings, er einn virkra meðlima ferðanefndar bankans, sem stóð fyrir þeim ferðum og fjölda annarra. „Ég held við höfum gengið á meira og minna öll fjöll í nágrenni höfuðborgarsvæðisins. Við fórum í léttar ferðir einu sinni eða tvisvar í mánuði nema þegar undirbúningur stendur yfir fyrir lengri ferðir, þá er gengið vikulega,“ segir hún.

Hvannadalshnjúkur, Fimmvörðuháls, Leggja-

brjótur og Laugavegurinn eru meðal þeirra leiða sem starfsfólkið statar af að hafa gengið hér innanlands. Allur gangur er á hversu margir taka þátt í göngunum hverju sinni, allt frá fimm upp í fimmtíu manns. Leiðirnar eru misjafnlega erfiðar yfirferðar, sumar hverjar sniðnar að fjölskyldum og aðrar að vanari göngumönnum. „Þessar ferðir hafa verið frábær leið til að hrista fólk saman. Starfsfólk Kaupþings er svo margt og dreift víða. Með þessu móti kynnist maður fólki sem maður myndi annars ekkert vita af.“

### JÓGA OG NUDD Í HÁDEGINU

Fleiri nefndir eru starfræktar innan Kaupþings sem hafa það að markmiði að hvetja til heilsusamlegrar samveru starfsfólksins. Þar á meðal eru ípróttanefnd og golfnefnd. Fjárfestingarbankinn Straumur á þetta sameiginlegt með Kaupþingi. „Við hugsum vel um heilsuna hérna hjá Straumi,“ segir Erla Tryggvadóttir, verkefnastjóri hjá bankanum. Innan herbúða hans er starfrækt sérstök ípróttanefnd sem sér um skipulagningu á ýmsum ípróttaviðburðum. Þá eru ýmsir heilsutengdir hópar virkir, þar á meðal hlaupahópur, fótboltahópur, gönguhópur og golfhópur. Nýlega var gengið skrefinu lengra og ein vika tileinkuð heilsu og hollum lifnaðarháttum. Starfsfólk gat meðal annars sótt fyrirlestra um heilbrigðan lífsstíl og hlaup, tæmt hugann í jógatíma eða skellt sér í nudd í hádeginu og snætt meinhollan mat í mótuneytinu í framhaldinu. Þá tóku sjúkrahjálfarar út vinnustaðinn og sáu til þess að allir starfsmenn sætu örugglega rétt við tölvuna til að koma í veg fyrir bak- og axlaeymsl eftir langsetur við tölvuskjáinn. Erla segir starfsfólki bankans hafa liðið einstaklega vel þá vikuna. „Það tóku allir þátt í þessu. Þetta var mjög gaman og frábært framtak hjá ípróttanefndinni og starfsmannahaldinu.“

Heilsuæði virðist því vera að ganga innan íslenskra fyrirtækja. Augsnýlegt er að stjórnendur þeirra átta sig æ betur á mikilvægi líkamlegrar og andlegrar heilsu starfsmanna. Lítil ástæða virðist vera fyrir starfsfólki íslenskra fyrirtækja að hlaupa í spik, þrátt fyrir langtímasetu frammi fyrir tölvuskjámum.

### FRÍSTUNDIN

## Gleymi mér algerlega

Jónína S. Lárusdóttir, ráðuneytisstjóri í viðskiptaráðuneytinu, smíðar úr íslensku grjóti og silfri frá fjarlægum löndum.

„Ég hef gert þetta síðan ég var unglingur,“ segir Jónína S. Lárusdóttir, ráðuneytisstjóri í viðskiptaráðuneytinu. Hún smíðar skartgrip í fristundum sínum.

„Fólkið mitt hefur alltaf haft gaman af sköpun og ég var alin upp í því umhverfi en ég varð líka að finna mér eitthvað þar

sem ég yrði fljót að sjá árangur,“ segir Jónína.

Hún smíðar einkum hálsfestar, en líka fleira, mest megnis úr silfri og íslensku grjóti. „Þegar við förum út á land fjölskyldan þá förum við stundum niður í fjöru eða upp í fjall og leitum fállegra steina sem ég nota í þetta.“ Jónína segist hafa gaman af því að þæla í mismunandi steinum.

En smíðaeftirbúningurinn hún vísar en hér. „Eitt sinn keypti ég silfur á markaði í Himalayafjöllum,“ segir Jónína, en fyrir nokkrum



HÁLSFESTI Úr íslensku fjörugrjóti og silfri frá Himalaya.

árum var hún á ferð um Ladakh-hérað á Norður-Indlandi. Jónína segist ekki hafa mikinn tíma til að sinna áhugamálinu, eftir að hún varð ráðuneytisstjóri. Hún segir að stundum fylgi því mikil afslöppun að smíða skartgrip „en stundum verð ég spennit þegar gripur er að klárast. Það er því misjafnt hvort blóðþrýstingurinn fer upp eða niður,“ segir Jónína og hlær við.

- ikh



# Allt sem þarf...

Fréttablaðið er mest lesna dagblað landsins og það eina sem kemur út alla daga vikunnar. Lesendur vita að hverju þeir ganga þegar þeir opna Fréttablaðið.



...alla daga





## BANKHÓLFID



### Mansal og barnaprælkun

Auglýsing sem birtist í Bændablaðinu í gær hljómaði líkt og þar væri á ferðinni mansal og barnaprælkun af verstu sort. Auglýsingin var svohljóðandi: „Vantar þig fjölskyldumeðlim? Elskulegur sonur minn John Deere Guðmundsson fæddur 8. apríl 2006. Notaður í 540 vinnustundir. Verð kr. 5.480.000. Bein sala.“ Við nánari eftirgrennslan reyndist sonurinn traktor af gerðinni John Deere sem húsbóndinn á bænum Guðlaugsvík í Strandahreppi hefur tekið miklu ástfóstri við. Svo djúpstæð er ástin að hann kveður tækið með kossi áður en hann heilsar konu sinni og börnum að slætti loknum, að sögn húsfreyjunnar á bænum.

### Að komast hjá dómi

Komið hefur fram gagnrýni á það fyrirkomulag að Orkuveita Reykjavíkur greiði málskostnað Svandísar Svavarsdóttur, oddvita VG í borginni, í máli hennar í tengslum við sameiningu REI og Geysis Green Energy. „Fróðlegt verður að fá upplýst hvað þessi málarekstur hennar hefur í heild kostað Reykvíkinga,“ segir Dögg Pálsdóttir lögmaður á síðu sinni og bendir jafnframt á að afar hæpið megi teljast að Svandís hefði haft sigur fyrir dómi. Ekki er þó loku fyrir það skotið að þar verði á endanum tekist á um vafaatriði því hjá Geysi telja menn að samningar standi, þar til um annað hafi verið samið ... já eða þeim rift með dómi.



### Íslenskur Björgólfur

Audkýfingurinn Björgólfur Guðmundsson sást sitja að snæðingi ásamt Guðmundi Davíðssyni, forstjóra Eimskips á Íslandi, og fleira starfsfólki fyrirtækisins á matsölastaðnum á Umferðarmiðstöðinni í hádegjunu í gær en Björgólfur mun vera þar tíður gestur. Pakkfullt var á staðnum líkt og á þessum tíma dags og gestir af öllum stéttum. Ekki liggur fyrir hvað mönnum fór á milli en heimildir Markaðarins herma að flestir hafi snætt þá þjóðlegu rétti sem í boði eru á Umferðamiðstöðinni alla daga árið um kring: Sviðakjamma, lambakótelettur og plökkfisk. Þeir sem ekki eru jafn gefnir fyrir þessa gómsætt og alíslensku rétti geta svo nýtt sér hlaðborðið.

2,1 milljarða króna hagnaður Icelandair Group á þriðja ársfjórðungi.

430 íbúðir í miðborg Berlínar, auk 40 þúsund fermetra á öðrum svæðum, sem SPRON Verðbréf ásamt íslenskum fjárfestum hafa keypt fyrir fim og hálfan milljarð króna.

21% aukning í kreditkortaveltu í október miðað við sama mánuð í fyrra. Veltan nam 24 milljörðum króna.

# Skrifstofuhúsgögn

Beyki

....á miklu betra verði!



Dönsku Prima línunni má raða saman á ótal vegu. Níðsterk og endingargóð húsgögn á mjög góðu verði, til afhendingar strax.

# Hirzlan


Smiðsbúð 6 210 Garðabæ Sími 564 5040

[www.hirzlan.is](http://www.hirzlan.is)

## Þú ert ekki hjá SPRON Verðbréfum er það?

Það skiptir máli að spara á réttum stað

Peningamarkaðssjóður SPRON hefur gefið langhæstu ávöxtun allra peningamarkaðssjóða á Íslandi síðustu 12 mánuði eða **15,4%\***







**TILBOÐ KR. 139.000.-**

KARMA COMPOSITION - HILLUSAMSTÆÐA Verð kr. 198.000.-

**Nýtt**

Rafstýrður afturhallandi hvíldarstóll með innbyggðum skemli og einnig lyftu sem lyftir þér upp og úr stólnum. Afar hentugt fyrir eldra fólk og þá sem eiga erfitt með hreyfingar.

Tilboðsverð m/ákl.  
**kr. 75.500.-**  
Tilboðsverð m/leðri  
**kr. 95.500.-**



**Val húsgögn**

Ármúla 8 - 108 Reykjavík  
Sími 581-2275 ■ 568-5375  
Opíö virka daga kl.10-18 / Laugard. kl.11-16

Vandaður slökunarstóll með skemli og sterku áklæði eða leðri - Margir litir

Tilboðsverð m/ákl.  
**kr. 39.000.-**  
Tilboðsverð m/leðri  
**kr. 59.000.-**

# tækni og afþreying

MIÐVIKUDAGUR 21. NÓVEMBER 2007



NORDICPHOTOS/GETTY



Tilboð,  
frá 16.900,- stgr.

**Sjáðu sjónvarpsefni  
beint um gervihnött  
með búnaði frá okkur**

**Búnaður fyrir heimilið  
og sumarbústaðinn**

Leiðandi í

- loftnetskerfum
- mögnurum
- tenglum
- loftnetum
- gervihnattadiskum
- móttökurum
- örbylgjunemum
- loftnetsköplum

**ÖREIND**

Auðbrekka 3 - Kópavogur  
sími: 564 1660 - oreind@oreind.is



**www.oreind.is**



# Sápuóperan á bak við Facebook

Facebook er orðið eitt vinsælasta vefsamfélag heims, en deilt er um hver eða hverjir fengu hugmyndina að því. Þrjú fyrrverandi bekkjarfélagar Marks E. Zuckerberg, stofnanda Facebook, hafa kært hann fyrir að stela hugmyndinni frá þeim. Fjórði bekkjarfélaginn segist hafa fengið hugmyndina á undan öllum hinum.

Facebook.com er sjöunda mest sóttá síðan á öllu internetinu samkvæmt vefmælingum Alexa.com. Skráðir notendur síðunnar eru meira en fimmtíu milljónir, og verða líklega orðnir fleiri en sextíu milljónir áður en árið er liðið. Facebook notar fólk til að bæta vinum sínum á vinalista, senda þeim skilaboð, geyma ljósmyndir, spila leiki hvert við annað og margt fleira. Síðan hefur orðið ævinsælli hjá Íslendingum og er sú tólfsta mest sóttá af Íslendingum samkvæmt Alexa.

## MEIÐ Á NÍU HUNDRUÐ MILLJARÐA

Ævintýrið hófst 4. febrúar árið 2004 þegar Mark E. Zuckerberg, þá tvítugur nemi við Harvard-háskólann í Bandaríkjunum, setti á fót vef sem ætlaður var samnemendum hans. Honum til að



Dæmigert útlit á Facebook-síðu. Inniheldur upplýsingar um viðkomandi notanda, vini hans og áhugamál. Einnig er hægt að setja inn ljósmyndir og ýmiss konar aukaforrit.



Mark Zuckerberg er forstjóri fyrirtækisins sem rekur Facebook, og stofnandi vefjarins. Þó er deilt um það hvort hann hafi fengið hugmyndina fyrstur manna.

stoðar voru nemendurnir Andrew McCollum, Dustin Moskovitz og Chris Hughes. Hugmyndin var að Harvard-nemendur notuðu vefinn til að skiptast á skilaboðum við vini sína í skólanum. Upphaflega gátu aðeins Harvard-nemar notað vefinn, en stuttu eftir opnun hans var fleiri bandarískum háskólum bætt við. Því næst gátu nemendur í framhaldsskólum notað vefinn, þá starfsfólk stærri fyrirtækja og að lokum var skráning opnuð öllum sem vildu.

Zuckerberg hætti fljótlega í skólanum til að sinna Facebook í fullu starfi, og flutti til Palo Alto þar sem fyrirtækið er í dag. Hann er forstjóri, Moskovitz er varaforstjóri verkfræðisviðs fyrirtækisins og Hughes er í ráðgjafahlutverki hjá Facebook. Þeir eru núna allir rétt rúmlega tvítugir.

Frá því Facebook-vefurinn varð vinsæll meðal netverja hafa ýmis fyrirtæki reynt að kaupa hlut í honum en Zuckerberg hefur verið tregur til að selja. Í lok árs 2006 heyrðust fréttir af sextíu milljarða króna kauptilboði Yahoo í vefinn, og nokkru síðar af yfirboði Google upp á 140 milljarða króna. Tilboðunum var hafnað. Í september á þessu ári keypti hugbúnaðarrisinn Microsoft síðan 1,6 prósent hlut í fyrirtækinu fyrir fimmtán milljarða króna, sem þýðir að fyrirtækið allt er metið á

rétt rúma 900 milljarða króna. Til samanburðar voru tekjur íslenska ríkisins á síðasta ári um 450 milljarðar króna.

## DEILT UM UPPRUNA

Velgengni Zuckerbergs og Facebook hefur komið við kaunin á nokkrum bekkjarfélögum hans úr Harvard. Bræðurnir Cameron og Tyler Winklevoss ásamt Divya Narendra halda því fram að Zuckerberg hafi stolið bæði hugmynd þeirra að síðunni og forritskóðanum frá svipaðri síðu þeirra sem heitir ConnectU.

Premeningarnir fullyrða að árið 2003 hafi þeir komið að máli við Zuckerberg og beðið hann um aðstoð við forritun og viðhald vefjarins ConnectU. Zuckerberg hafi samþykkt það og hafist handa, en notað hugmyndina og forritskóða af ConnectU fyrir sína eigin síðu, Facebook, sem hann opnaði nokkrum mánuðum síðar.

Kæra var lögð fram á hendur Zuckerberg, viðskiptafélögum hans og fyrirtækinu Facebook árið 2004, en málinu var vísað frá vegna tæknigalla 28. mars sama ár. Kæran var endurútfengin og þess krafist að allar eigur Facebook færðust til ConnectU-premninganna auk þess sem þeir fengju eignarrétt yfir síðunni. Í frávísunarbeiðni vísuðu lögfræðingar Facebook þessum ásökunum

á bug. „Aðeins einn af þessum nemendum hafði nógu góða hugmynd til að byggja upp stórt fyrirtæki. Sá var Mark Zuckerberg, stofnandi hinnar vinsælu vefsíðu Facebook,“ segir meðal annars í beiðninni.

Endurútfengna kæran var tekin fyrir í júlí á þessu ári, en ekki hefur verið úrskurðað í málinu.

## ENN MEIRI DEILUR

Winklevoss-bræðurnir og Narendra eru ekki þeir einu sem hafa sakað Zuckerberg um að stela eigin hugmynd. Aaron J. Greenspan, annar af fyrrverandi bekkjarfélögum Zuckerbergs, segist hafa fengið hugmyndina að vefsamfélagi háskólanema á undan öllum hinum. Zuckerberg hafi stolið hugmyndinni frá sér og stofnað Facebook.

Árið 2003 bjó Greenspan til vefinn houseSYSTEM sem nokkur þúsund nemendur Harvard notuðu í ýmsa háskólatengda hluti. Zuckerberg var í stutta stund

meðal þeirra sem notuðu vefinn. Hinn 19. september sama ár tilkynnti Greenspan nemendum nýjan eiginleika houseSYSTEM í gegnum tölvupóst – eiginleika sem hann kallaði „The Face Book“. Þar gátu nemendur fundið aðra nemendur skólans, bætt þeim á vinalista, sent þeim skilaboð og fleira.

Fjórum mánuðum síðar stofnaði Zuckerberg síðu á vefslóðinni thefacebook.com, sem síðar var færð á facebook.com. Hlutverk hennar var og er að mörgu leyti hið sama og „The Face Book“-eiginleikanum á houseSYSTEM-síðunni.

Í viðtali við dagblaðið The New York Times segist Greenspan hafa að mestu leyti sætt sig við að svona gangi hlutirnir fyrir sig í bransanum. Sá sem fái fyrstur hugmynd sé sjaldnast sá sem njóti mestrar velgengni með hana.

Hann segist ekki lengur bitur yfir því að Zuckerberg verði mjög líklega fyrstur úr gamla Harvard-bekknunum til að verða milljarðamæringur.



Höfuðstöðvar Facebook eru í Palo Alto í Kaliforníu. Þar starfa nú um þrjú hundruð manns.

## • SÍÐUR SEM BJÓÐA SVIPAÐA ÞJÓNUSTU OG FACEBOOK

Þýskaland: [www.studivz.de](http://www.studivz.de)  
Frakkland: [www.studiQG.fr](http://www.studiQG.fr)  
Ítalía: [www.studiLN.it](http://www.studiLN.it)  
Spánn: [www.estudiLN.es](http://www.estudiLN.es)  
Póland: [www.studentIX.pl](http://www.studentIX.pl)  
Bretland: [www.unitalk.org.uk](http://www.unitalk.org.uk)  
Svíþjóð: [www.unitalk.se](http://www.unitalk.se)  
Ástralía: [www.studentface.com.au](http://www.studentface.com.au)  
Kína: [www.xiaonei.com](http://www.xiaonei.com)  
Rússland: [www.vkontakte.ru](http://www.vkontakte.ru)  
Suður-Ameríka: [www.unibicate.com](http://www.unibicate.com)  
Tyrkland: [www.OrtaKantin.com](http://www.OrtaKantin.com), [www.studentSN.com](http://www.studentSN.com), [www.unihayat.com](http://www.unihayat.com), [www.youniTR](http://www.youniTR)  
Esperanto: [www.amikumu.com](http://www.amikumu.com)  
Holland: [www.hyves.nl](http://www.hyves.nl)

Á vefsíðunni [www.studivz.net](http://www.studivz.net) er boðið upp á þjónustu í Albaníu, Kosovó, Makedóníu, Suður-Serbíu og Svartfjallalandi.



## Biturt bréf til fyrrverandi bekkjarfélaga



Aaron J. Greenspan var bekkjarbróðir Zuckerbergs og bjó sjálfur til vef sem svipaði til Facebook. Hann segir Zuckerberg hafa stolið hugmynd sinni og notað hana til að búa til Facebook.

„Manstu eftir vefsíðunni sem þú skráðir þig á í Harvard tveimur dögum áður en við hittumst í janúar 2004 og kallaðist houseSYSTEM? Þessari sem innihélt Universal Face Book-svæðið? Fjórum mánuðum áður en þín síða kom út?“

Bara svo þú vitir það þá er ég búinn að endurbyggja hana undir nafninu CommonRoom, og rétt eins og forveri hennar hefur hún alls konar eiginleika sem þú gætir kannast við; afmælisdagaáminningar, atburðadagatal, staðfestingar á því hvernig þú þekkir einhvern, myndaalbúm og fleira.

Höfum í huga að þegar þú sást alla þessa eiginleika í houseSYSTEM fyrir þremur árum sagðir þú að þeir væru „of gagnlegir“, en mér fannst þeir alltaf mikilvægir. Vefsíðunni houseSYSTEM hefur nú verið lokað en sem betur fer get ég ennþá notið allra þessara sömu eiginleika á Facebook!“

- Opið bréf til Mark Zuckerberg frá Aaron Greenspan. Birtist á internetinu eftir að fréttir birtust þess efnis í fyrra að Yahoo hefði boðið til að kaupa Facebook fyrir allt að sextíu milljarða króna.



# SONY

like.no.other™



Full HD  
1080



## high.definition.like.no.other



KDL-46X3500

46" Full HD 1920x1080 10 bit panel.  
Bravia Engine Pro myndvinnsla  
Live Colour Creation litastýring  
100HZ Motionflow  
Stafrænn móttakari DVB-T/C  
499.900.-



KDL-46V3000

46" Full HD 1920x1080  
Bravia Engine myndvinnsla  
Live Colour Creation litastýring  
S-Force Front Surround  
Stafrænn móttakari DVB-T/C  
349.900.-



KDL-40D3500

40" Full HD 1920x1080  
Bravia Engine myndvinnsla  
Live Colour Creation litastýring  
S-Force Surround  
Stafrænn móttakari DVB-T/C  
259.900.-



KDL-32S3000

32" HD Ready 1366x768  
Bravia Engine myndvinnsla  
Live Colour Creation litastýring  
Virtual Dolby Surround  
Stafrænn móttakari DVB-T/C  
159.900.-



KDL-32T2600

32" HD Ready 1366x768  
Bravia Engine myndvinnsla  
Live Colour Creation litastýring  
Virtual Dolby Surround  
Stafrænn móttakari DVB-T/C  
129.900.-



DAV-IS10

Ótrúleg hljómgæði úr agnarsmáum hátölurum  
HDMI Upscale 720p/1080i  
Bravia Theatre Sync samskipti við sjónvarp  
Auto Calibration, sjálfvirk uppsetning á hljóði  
129.900.-

[www.sonycenter.is](http://www.sonycenter.is)

Sony Center  
Kringlunni  
S.512-3300  
[info@sonycenter.is](mailto:info@sonycenter.is)

## Sony Center





### ● HEIMSMYND FLICKR

Flickr, vefsíða þar sem fólk getur geymt og skipst á myndum, mun í næstu viku opna nýja síðu þar sem tugir milljóna mynda verða flokkaðar þannig að fólk geti leitað eftir stöðum.

Þjónustan kallast „Places“ eða Staðir og verða nýjustu myndir frá öllum heimshornum auðkenndar á heimskorti.

Með nýju þjónustunni geta notendur leitað að meira en

hundrað þúsund stöðum í heiminum en margar af borgum heimsins auk ríkja, landa og héraða hafa eigin síður. Places-síðurnar verður hægt að skoða á átta tungumálum; ensku, frönsku, spænsku, þýsku, ítölsku, portúgölsku, kóresku og kínversku.

Rúmlega 40 milljón notendur sækja vefsíðuna Flickr heim á mánuði og meira en tveir milljarðar mynda eru geymdir á síðunni, sem er í dag orðin þriggja og hálfis árs gömul.

www.flickr.com

# Rokkað á lítinn plastgítar

Sumir leikir snúast um að drepa óvini sína með vopnum, leysa þrautir eða stjórna herjum í mikilfenglegum bardögum. Aðrir leikir snúast um að rokka eins og þú eigir lífið að leysa.

Guitar Hero III er nýjasti leikurinn í vinsælli leikjaröð sem hófst með útgáfu Guitar Hero árið 2005. Þar er spilarinn í hlutverki rokkstjórnu sem spilar með hljómsveit sinni á tónleikum, og notar til þess litla gítareftirlíkingu úr plasti sem fylgir leiknum.

Leikirnir hafa notið mikilla vinsælda síðan sá fyrsti kom út, og fengið góða dóma hjá tölvuleikjagagnrýndum. Samkvæmt gamerankings.com, sem tekur




Í leiknum er hægt að velja á milli ýmissa furðulegra persóna eins og Eddie Knox, Axel Steel, Casey Lynch, Lars Úmlaut og Izzy Sparks. Með því að leika nógu vel á gítarinn leiðir spilarinn hljómsveit sína til heimsfrægðar.

saman einkunnir tölvuleikja hjá fjölda gagnrýndenda, eru leikirnir Guitar Hero I og II báðir með meðaleinkunnina 9,2 og Guitar Hero III með 8,6.



Gítarinn sem fylgir leiknum er um það bil tveir þriðju af stærð alvöru gítars, og er úr plasti. Í stað strengja eru fimm takkar efst á hálsi plastgítarsins, og á spilarinn að halda inni réttum tökkum meðan hann slær á „strenginn“ á miðjum gítarum.



Eftir löngum gítarhálsi fljúga nótur og hljómar sem samsvara tökkunum á gítarum. Til þess að slá réttan hljóð þarf spilarinn að halda inni réttu tökkunum á meðan hann slær á „streng“ gítarsins á réttum tíma. Þannig er reynt að líkja eftir raunverulegu gítarglamri.

Sem fyrr segir snýst leikurinn um að spila á gítar sem rokkstjarna og klífa metorðastigann með hljómsveit sinni. Spilunin virkar þannig að á skjánum birtast mismunandi nótur á ímynduðum gítarhálsi, sem fljúga í áttina að spilaranum í takt við tónlistina. Með því að halda inni samsvarandi tökkum efst á hálsi plastgítarsins og slá á „strengi“ gítarsins á réttum tíma fær spilarinn stig. Ef hann missir af of mörgum hljófum er hann þúaður af sviðinu og þarf að reyna aftur.

Lögin hafa alltaf verið þungamiðja Guitar Hero-leikjanna, enda er hljóðfæraleikur einskis virði án skemmtilegra laga, og hefur þeim fjölgað með hverjum leiknum. Í Guitar Hero III er hægt að spila yfir sextíu rokkög

og eru flest þeirra upprunalegar upptökur.

Sem dæmi um fræg lög sem hægt er að rokka við í Guitar Hero III eru Paint It Black með Rolling Stones, Bulls on Parade með Rage Against the Machine, Welcome to the Jungle með Guns N' Roses, Cherub Rock með The Smashing Pumpkins og One með Metallica.

Hægt er að spila einn í gegnum allan leikinn, og vinna sig upp úr auðveldari lögum í þau erfiðari, eða spila leikinn með öðrum. Þá sér annar um að spila gítarhluta hvers lags, og hinn slær bassann. Einnig er hægt að spila við aðra í gegnum netið.

Guitar Hero III kemur út fyrir Xbox 360, PlayStation 3, Wii og PC-tölvur á föstudaginn kemur.

-sps

# DENON

- þegar hver tónn skiptir máli!



Glæsileg hönnun  
Afburða hljómur  
Einstök myndgæði  
iPod tenging

Denon Smart Life. Heimabíó í aðeins tveim hátölurum. Fullkominn DVD, CD og innbyggjt útvarp.

★★★★★  
1. verðlaun fyrir hönnun og hljómburð



Innbyggð iPod tenging aðgerðir á skjá.

verð frá 99.000,- stgr

kíktu á

www.ef.is



**Einar Farestveit & Co.hf.**

Borgartúni 28 • Sími 520 7900 • www.ef.is

### ● BANNI AFLÉTT Í SINGAPÚR

Singapúr hefur aflétt banni á tölvuleiknum Mass Effect frá Microsoft segir á vefsíðu Reuters fréttastofunnar.

Upphaflega var leikurinn bannaður í landinu vegna þess að þar sjást mennsk kona og önnur ójarðnesk kysast og knúsast. Í stað bannsins verður leikurinn bannaður fólki yngra en 18 ára.

Mass Effect er fyrsti tölvuleikurinn sem sett eru aldurstakmörk á í Singapúr en almenn óánægja var með bannið. Nýtt aldurstakmarkakerfi verður tekið í notkun í janúar.



### ● SONY GRÆÐIR Á WII-SKORTI

Nintendo Wii-leikjatölvan er gríðarvinsæl, reyndar svo vinsæl að skortur hefur verið á henni á sölustöðum. Sony, framleiðandi Playstation 3-leikjatölvunnar, hefur nýtt sér þennan framboðsskort og lækkað verð á tölvunni sinni í verslunum. Í kjölfarið hefur sala PS3 aukist um helming í Bandaríkjunum. Þetta kemur fram á fréttavef BBC.

PS3-leikjatölvan hefur sætt nokkurri gagnrýni fyrir framleiðslugalla en hefur nú náð sér á strík meðan Nintendo hefur orðið fórnarlamb eigin vinsælda þar sem verslanir í Bretlandi og Bandaríkjunum hafa ekki undan að selja og eru komnar í þrot með birgðir.



Playstation 3



Nintendo Wii





# Smábíó handa öllum

Nýr iPod nano

Frá kr. **19.990**



Glæný útgáfa af iPod. Nýir litir, nýtt útlit, stærri skjár, nýtt stýrikerfi og algjörlega ný upplifun.

Hann fæst annað hvort 4 eða 8 GB og rúmar allt að 2.000 sönglög eða u.þ.b. 4–8 klst. af myndbandsefni. Ljósmyndin hér að ofan sýnir spilarann í raunstærð og með honum getur þú ekki aðeins hlustað á tónlist, heldur einnig horft á myndbönd.

#### 4 eða 8 GB

4 til 8 tíma myndbands lengd  
24 klst. tónspilun/5 klst. myndspilun  
2" litaskjár með LED-lýsingu  
320 x 240 px skjár, 204 dpi upplausn  
52 x 70 x 6,5 mm  
49 g

Apple IMC | Humac ehf.  
Laugavegi 182  
105 Reykjavík  
Sími 534 3400  
[www.apple.is](http://www.apple.is)

  
Apple IMC



# Leikir fyrir þá sem hafa fengið nóg

Leikir fyrir þá sem vilja endurnýja leikjaáhugann og þyrstir í eitthvað annað en að verða stærsti námueigandinn í EVE.

Dolinmæðin og áhuginn á að stíga á land í Normandí, berjast fyrir bandarísku lýðræði, drepa hryðjuverkamenn í Las Vegas eða höggva í sundur dverg sem kallar sig Tom123\_sexmeup eru brátt uppurin. Sérstaklega gildir það um þá sem voru þegar sestir við tölvurnar þegar fyrstu stafrænu nasistarnir skutu úr Lugerunum sínum í Wolfenstein-kastalanum og spilarar rifust um hvor væri betri í Street Fighter II, Ryu eða Ken (þrátt fyrir að þeir hafi verið nákvæmlega eins).

Fyrir þá sem hafa fengið sig fullsadda eru hér þrír leikir sem gætu endurnýjað leikjaáhugann fyrir spilara á „gamals aldri“ sem þyrstir í eitthvað annað en að verða stærsti námueigandinn í EVE.

## SHERLOCK HOLMES: THE AWAKENED PC

Stöku sinnum gerist það að tölvuleikir státa af söguþræði sem jafnast á við bestu bækur og bíómyndir. Sherlock Holmes: The Awakened er einn af þeim. Ekki gera ráð fyrir því að geta slitið



The Awakened er gríðarlegur tímaþjófur en ákaflega skemmtilegur.

þig auðveldlega frá þessum leik. Gullfalleg grafík þar sem áherslan er lögð á smáatriðin gerir það að verkum að spilarar finna næstum lyktina af Lundúnabokunni og andfýlu dr. Watsons. Myrkur söguþráðurinn heillar strax frá upphafi og rétt eins og með góða spennusögu er nær ómögulegt að hætta þótt svefninn sæki að.

Þessi leikur er ekki fyrir börn, einfaldlega vegna þess að hann er mjög erfiður og það þarf að gefa öllum smáatriðum gaum, stundum full mikinn gaum. En við hverju býst maður annars í leik um meistara smáatriðanna? Nei, það er ekki tekið út með tómrí sæld að vera Sherlock Holmes þó svo að í þessu tilfelli sé það nærri lagi.

## THE WITCHER PC

Einn ferskasti hlutverkaleikur-

inn (RPG) í langan tíma er frá Póllandi. Gleymdu því að hamast á músinni í bardögnum, hjálpa þeim góðu og drepa þá vondu til að komst að enda-drekanum. Búið er að varpa flestöldum klisjum fyrir róða í þessum afskaplega myrka og meinfýsna leik þar sem enginn er algóður eða alsælur. Rétt eins og í raunveruleikanum er valið um það hverjum skal hjálpað aldrei auðvelt. Það er ekkert gott eða slæmt, bara ákvarðanir og afleiðingar.

Ferskleiki í spilun, frábært andrúmsloft, frambærileg tónlist og afskaplega vel heppnaður hljóðheimur gera þennan leik að einhverjum „fullorðnasta“ og mest spennandi leik ársins. Eini galli hans er að flestar persónur leiksins tala eins og bandarískir menntaskólanemar en það fyrirgefst fljótt.

## SUPER MARIO GALAXY NINTENDO WII

Fyrst var hann pípari sem hoppaði á sveppum, svo fór hann að



Mario hefur aldrei litið betur út.



The Witcher er mjög langt frá því að vera pólitískt réttur leikur og þar liggur hans helsti styrkleiki.

toga upp grænmeti, þar næst fékk hann skott, svo kynntist hann litlu grænu eðlunni sinni, síðan flutti hann í þrívíddarheiminn og núna er hann kominn út í geim. Mario er langlífasta persóna hinnar stuttu tölvuleikjasögu og alltaf þegar maður heldur að hann sé búinn að syngja sitt síðasta rís hann upp aftur.

Í nýjasta leik sínum er Mario,

sem fyrr segir, kominn út í geim að eltast við prinsessuna sína. Í þetta skipti er það Nintendo Wii sem sér um fjörið og í sem stystu máli er útkoman stórkostleg, bæði fyrir harðkjarna-áhugamenn og nýliða. Það er ekki hægt að lýsa þessum leik í fáum orðum, hann verður einfaldlega að spila til að skiljast.

- 19

á vorönn 2008  
vantar

# kennara

í eftirtalin störf



**Tækniteiknun.** Heil staða. Þekking á AutoCad og fagteikningum bygginga nauðsynleg.

**Ljósmyndun.** Hálf staða sérfræðings í myndvinnslu.

**Íslenska.** Heil staða.

Kjör samkvæmt stofnanasamningi IR og KÍ.

Umsóknarfrestur er til **5. desember**.

TRAUSTR MENNTUN Í FRAMSÆKNUM SKÓLA – WWW.IR.IS

Upplýsingar veitir skólameistari.

Umsóknum má skila á tölvupósti til **bg@ir.is**



**ÍÐNSKÓLINN Í REYKJAVÍK**

Skólavörðuholti | 101 Reykjavík

Sími 522 6500 | Fax 522 6501

www.ir.is | ir@ir.is

NÝTT

**ENSKI BOLTINN**  
ER FARINN AÐ RÚLLA!

> MYNDBROT ÚR LEIKJUM > FRÉTTIR > STAÐAN  
> LEIKMENN OG SÉRFRÆÐINGAR BLOGGA

www.visir.is/enski



**VISIR.IS**

Í SAMSTARFI VIÐ  
**SYN2**





**50PC51**  
50" Plasma sjónvarp  
Upplausn 1366x768  
Skerpa 15.000:1  
Birtustig 1.500  
Svartími innan við 1 ms

**239.900**

**160 GB  
UPPTÖKU  
DISKUR**



**42PT85**  
42" Plasma Sjónvarp  
Upplausn 1024x768  
Skerpa 15.000:1  
Birtustig 1500  
Svartími 0,001 ms  
2 Stafrænir sjónvarps-  
móttakarar  
100Hz

**199.900**

**42PC52**  
42" Plasma sjónvarp  
Upplausn 1024x768  
Skerpa 15.000:1  
Birtustig 1500  
Svartími 0,001 ms  
100Hz



**159.900**

**42LY95**  
42" LCD sjónvarp  
259.900  
Upplausn 1920x1080 Full HD  
Skerpa 5.000:1  
Birtustig 500  
Svartími 8 ms  
Stafrænn móttakari



**259.900**

# Ljómandi góð sjónvörp



**209.900**

**42LT75**  
42" LCD Sjónvarp  
Upplausn 1366x768  
Skerpa 8.000:1  
Birtustig 500  
Svartími 5 ms  
2 Stafrænir móttakarar  
160 gb diskur

**160 GB  
UPPTÖKU  
DISKUR**



**179.900**

**42LC51**  
42" LCD Sjónvarp  
Upplausn 1366x768  
Skerpa 5.000:1  
Birtustig 450  
Svartími 5 ms



**149.900**

**37LF65**  
37" LCD sjónvarp  
Upplausn 1920x1080  
Full HD  
Skerpa 5.000:1  
Birtustig 500  
Svartími 8 ms  
Stafrænn móttakari



**129.900**

**37LC51**  
37" LCD Sjónvarp  
Upplausn 1366x768  
Skerpa 5.000:1  
Birtustig 450  
Svartími 6 ms



**99.900**

**32LC51**  
32" LCD Sjónvarp  
Upplausn 1366x768  
Skerpa 5.000:1  
Birtustig 450  
Svartími 6 ms



**89.900**

**26LC42**  
26" LCD Sjónvarp  
Upplausn 1366x768  
Skerpa 800:1  
Birtustig 500  
Svartími 3 ms



**54.900**

**20LS5R**  
20" LCD Sjónvarp  
Upplausn 640x480  
Skerpa 3000:1  
Birtustig 450  
Svartími 8 ms

## RAFTÆKJAVERZLUN ÍSLANDS HF

- ANNO 1929 -


Skútuvogur 1 • Sími 568 8660 • ri@ri.is [www.ri.is](http://www.ri.is)

Opið: Virka daga kl. 9-18 • Laugardaga 11-16





# Panasonic



V-real<sup>2</sup>

VIERA  
LINK

HD  
ready

- **V-Real 2 Engine** tæknin tryggir bestu upplausn og bjartari og betri mynd
- **Advanced 3D Colour Management** og allir litir verða skýrari og skarpari en áður
- **Motion Pattern Noise Reduction** tryggir betri lítaaðgreiningu við mikla hreyfingu
- **Sub-Pixel Control** og allar finar línur verða skýrari
- **Real Black Drive** og þú færð meiri aðgreiningu í svartan lit
- **VIERA Link** og þú getur stýrt öllum Panasonic tækjum með einni fjarstýringu

#### Panasonic TH42PV70F

42" Plasma BREIÐTJALDSSJÓNVARP MEÐ 1024x768 punkta upplausn, V-Real 2 Engine tækni (frábær myndgæði), Advanced 3D Colour management, Motion Pattern Noise Reduction, Sub-Pixel Control, HD Ready, Progressive Scan, Real Black Drive 10.000:1 skerpu, VIERA Link, 20w Nicam Stereo með V-Audio Surround hjóðkerfi, 2 x Scart (með RGB), 2 x HDMI, Component, SVHS, CVBS, PC og heyrnatóstengi og textavarpi.

**TILBOÐ** ▶ **189.990**

FULLT VERÐ kr. 219.990



VIERA  
LINK

V-real<sup>2</sup>

#### Panasonic TX26LE7F

26" V-Real LCD BREIÐTJALDSSJÓNVARP með 1366x768 punkta upplausn, V-Real tækni (einstök myndgæði), HD Ready, Progressive Scan, 3.000:1 skerpu, Backlight Control, VIERA Link, 16w Nicam Stereo hjóðkerfi, 2 x Scart (með RGB), HDMI, Component, SVHS, CVBS og heyrnatóstengi og textavarpi.

**TILBOÐ** ▶ **89.990**

FULLT VERÐ kr. 99.990



VIERA  
LINK

100Hz  
Motion Picture Pro

V-real<sup>2</sup>

#### Panasonic TX26LX70F

26" LCD BREIÐTJALDSSJÓNVARP með 1366x768 punkta upplausn, V-Real 2 tækni (einstök myndgæði), HD Ready, IPS Alpha skjá, 100Hz Motion Picture Pro, Progressive Scan, 8.500:1 skerpu, Sub-Pixel Control, VIERA Link, 20w Nicam Stereo með V-Audio Surround hjóðkerfi, 2 x Scart (með RGB), 2 x HDMI, Component, SVHS, CVBS, PC og heyrnatóstengi og textavarpi.

**TILBOÐ** ▶ **119.990**

FULLT VERÐ kr. 129.990



VIERA  
LINK

V-real<sup>2</sup>

#### Panasonic TX32LE7F

32" HD 16:9 LCD BREIÐTJALDSSJÓNVARP með 1366x768 punkta upplausn, HD Ready, V-Real tækni - einstök myndgæði, Progressive Scan, 3.000:1 skerpu, Backlight Control, VIERA Link, 16w Nicam stereo hjóðkerfi, 2 x Scart (með RGB), HDMI, Component, SVHS, CVBS og heyrnatóstengi og textavarpi.

**TILBOÐ** ▶ **99.990**

FULLT VERÐ kr. 129.990



VIERA  
LINK

100Hz  
Motion Picture Pro

V-real<sup>2</sup>

#### Panasonic TX32LX70F

32" LCD BREIÐTJALDSSJÓNVARP með 1366x768 punkta upplausn, V-Real 2 tækni (einstök myndgæði), HD Ready, IPS Alpha skjá, 100Hz Motion Picture Pro, Progressive Scan, 8.500:1 skerpu, Sub-Pixel Control, VIERA Link, 20w Nicam Stereo með V-Audio Surround hjóðkerfi, 2 x Scart (með RGB), 2 x HDMI, Component, SVHS, CVBS, PC og heyrnatóstengi og textavarpi.

**TILBOÐ** ▶ **139.990**

FULLT VERÐ kr. 149.990



1971 - 2007

## Sjónvarpsmiðstöðin

RAFTÆKJAVERSLUN • SÍÐUMÚLA 2 • SÍMI 568 9090 • [www.sm.is](http://www.sm.is)

**SanDisk**  
MINNISKORT

ALLAR GERÐIR

UMBODSMENN UM LAND ALLT ▶ REYKJAVÍKURSVÆÐIÐ: Hagkaup, Smáralind. VESTURLAND: Hjólsmýn, Akranesi. Hagkaup, Borgarnesi. Samkaup, Borgarnesi. Blómsturvellir, Hellissandi, Skipavík, Stykkishólmi. VESTFIRÐIR: Kaupfélag Steingrimsfjarðar, Drangnesi. Samkaup, Ísafirði. NORÐURLAND: KF Steingrimsfjarðar, Hólmavík. KF V-Húsvetninga, Hvammstanga. Krákur, Blönduósi. Skagfirðingabúð, Sauðárkrúki. Hagkaup, Akureyri. Heimilistæki, Akureyri. Öryggi, Húsavík. AUSTURLAND: Samkaup, Egilsstöðum. Kaupturn, Vopnafirði. KF Héraðsbúá, Seyðisfirði. Spærkaup, Fáskrúðsfirði. Martólvan, Höfn Hornafirði. SUDURLAND: Mosfell, Hellu. Fosshaf, Selfossi. Rás, Þorlákshöfn. Geisli, Vestmannaeyjum. REYKJANES: Tölvusítillinn, Grindavík. Rafeindatækni, Keflavík. Hagkaup, Njarðvík. Rafagnavinnustofa Sigurðar Ingvarssonar, Garði.